

Ársskýrsla 2001



Ríkislögreglustjórnin





# Ríkislögreglustjórinn

## Ársskýrsla 2001

---

Rekstur og starfsemi

Afbrotatölfræði verður birt sérstaklega

A decorative horizontal bar at the bottom right of the page, consisting of a dark blue segment followed by a grey segment.

Útgefandi:

Ríkislögreglustjórinn

[www.rls.is](http://www.rls.is)

[www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)

Ritsjóri:

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn

Umsjón:

Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóranum tóku

saman upplýsingar, hver um sitt svið

Hönnun:

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.

Ljósmynd á forsiðu:

Kjartan Þorbjörnsson

Ljósmyndir:

Júlíus Sigurjónsson,

myndasafn Morgunblaðsins

og lögreglustjórinn í Reykjavík

Teikningar:

Halldór Baldursson

Prentvinnsla:

Svansprent ehf.

## Efnisyfirlit

---

Skipurit .....	4
Inngangur ríkislögreglustjóra.....	6
Svið 1 .....	7
Svið 2 .....	11
Svið 3 .....	23
Svið 4 .....	27
Svið 5 .....	35
Viðauki 1 .....	39
Viðauki 2 .....	43
Viðauki 3 .....	53



Haraldur Johannessen  
ríkislögreglustjóri



Þórir Oddsson  
vararíkislögreglustjóri



Jón F. Bjartmarz  
yfirlögregluþjónn

Ríkislögreglustjóri	Svið 1	Svið 2
Svið 1	<b>Stjórnsýsla og rekstur</b> Fjármálastjórn og bókhald	<b>Öryggismál</b> Öryggisgæsluverkefni
Svið 2	Áætlanagerðir	Öryggismál vegna æðstu stjórnar ríkisins og sendiráða
Svið 3	Skjalavarsla	<b>Sérsvait</b> Yfirstjórn, skipulag og stefnumótun sérsvaitar lögreglu og annar vopnaður viðbúnaður lögreglu
Svið 4	Frágangur og útsending sektarboða	<b>Alþjóðleg lögreglustörf</b> Lögreglustörf á vegum alþjóðastofnana
Svið 5	<b>Alþjóðamál</b> Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu Interpol Europol SCHENGEN - Sirene PTN Baltcom	<b>Umferðarmál</b> Stefnumörkun og samræming lögreglu varðandi framkvæmd umferðarlöggæslu Skipulag umferðareftirlits og rekstur sérútbúinna bifreiða
	<b>Eftirlit með útlendingum.</b> Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum Landamæraeftirlit	<b>Áfengiseftirlits- og vopnalagamál</b> Leyfisveitingar, skipulag og samræming eftirlits lögreglu Skotvopnaskrá
	<b>Lögfræðileg málefni</b> Lögfræðilegar álitserðir og umsagnir	<b>Tækja- og búnaðarmál</b> Rekstur bílamiðstöðvar RLS Ökutæki lögreglu, einkennisfatnaður og búnaður lögreglu - eftirlit með lögreglustöðvum og búnaði
		<b>Fjarskiptamiðstöð</b> Fjarskiptamál lögreglunnar Hlutverk lögreglu varðandi leit og björgun - samræming á sviði björgunarmála Samvinna við aðra aðila á sviði leitar og björgunar



Jónmundur Kjartansson  
yfirlögregluþjónn



Guðmundur Guðjónsson  
yfirlögregluþjónn



Jón H. Snorrason  
saksóknari

### Svið 3

#### Starfsmannamál

Starfsmannamál lögreglu  
Málefni er varða nema í  
Lögregluskóla ríkisins  
Valnefnd

#### Skipulagsmál

Skipulag og uppbygging  
lögregluliða

#### Tölvumál

Netkerfi RLS  
Stefnumörkun um landskerfi  
lögreglu og aðgangsstýringar -  
umsjón með landskerfum lögreglu  
og þjónusta við notendur þeirra  
Innranet RLS  
og heimasiða lögreglunnar  
(lögregluvefurinn)

### Svið 4

#### Tæknirannsóknir

Tæknilegar rannsóknir - aðstoð við  
vettvangsrannsóknir og  
samanburðarrannsóknir  
Fingrafara- og ljósmyndasafn  
Ráðgjöf og leiðsögn

#### ID-nefnd

Rannsóknarnefnd til að bera  
kennsl á látna menn

#### Upplýsingamál

Söfnun - skráning og úrvinnsla  
upplýsinga  
Fikniefnastofa

#### Forvarnir

Samræming á forvarnastarfi lögreglu  
Samstarf við aðra á sviði forvarna

#### Menntunar- og fræðslumál

Fræðslumál og málefni  
Lögregluskóla ríkisins

#### Handbækur - Ársskýrsla - Tölfræði

Útgáfa lögregluhandbóka og  
ársskýrslu  
ríkislögreglustjórans  
Tölfræði upplýsingar  
Útgáfustarfsemi

#### Innra eftirlit

Úttektir samkvæmt ákvörðun  
ríkislögreglustjóra

### Svið 5

#### Rannsókn og saksókn skatta- og efnahagsbrota

Rannsókn og saksókn alvarlegra  
fjármunabrota, þ. á m.  
skattalagabrota og  
umhverfisbrota  
Tölvubrot sem tengjast  
efnahagsbrotum þ.m.t.  
innbrot í tölvukerfi

#### Peningaþvætti

Rannsókn og meðferð  
tilkynninga peningastofnana vegna  
grunsemda um peningaþvætti

#### Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf við lögreglu  
og yfirvöld á sviði efnahagsbrota

#### Fræðslumál og upplýsingar

Fræðslumál á sviði fjármuna- og  
efnahagsbrota  
Söfnun - úrvinnsla og skráning  
upplýsinga um fjármuna- og  
efnahagsbrot

#### Rannsóknir

Brot gegn stjórnskipan ríkisins  
og æðstu stjórnvöldum -  
eftirgrennslan og áhættugreining  
Aðstoð við lögreglustjóra vegna  
rannsókna opinberra mála, þ.m.t.  
tölvubrota

Auk ofangreindra verkefna sinna öll svið sérverkefnum  
eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra hverju sinni.



## Inngangur ríkislögreglustjóra

Þann 1. júlí síðastliðinn voru fimm ár liðin frá gildistöku lögreglulaga nr. 90/1996 er leystu af hólmi lög um lögreglumenn nr. 56/1972 og lög um rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976. Margar mikilvægar breytingar fólust í lögreglulögum, sérstaklega sú grundvallarbreyting á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar að komið var á fót embætti ríkislögreglustjóra og rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður. Lögfestar voru skýrari reglur um framkvæmd lögreglustarfa og réttindi og skyldur lögreglumanna. Ég fullyrði að breytingarnar hafa stuðlað að faglegri og öflugri löggæslu í landinu. Aukið alþjóðlegt lögreglusamstarf íslensku lögreglunnar hefur ekki hvað síst átt þátt í þessari jákvæðu framvindu mála. Breytingarnar eru í takt við þróun löggæslumála annars staðar í heiminum, einkum á Norðurlöndunum. Í umræðu um löggæslumál á Norðurlöndum og í öðrum Evrópulöndum er lögð rík áhersla á að einfalda skipulag lögreglunnar, skilvirkni og samstarf. Eftir atburðina í Bandaríkjunum 11. september 2001 hefur þessi umræða orðið almennari og skýrari og náð meiri fótfestu hjá þeim sem láta löggæslumál sig varða á alþjóðlegum vettvangi. Íslendingar verða að fylgja þessari þróun í löggæslumálum og varast að sveigja út af þeirri framfarabraut sem mörkuð var með lögreglulögum. Breytingar í aðrar áttir kunna að setja í uppnám uppbyggingarstarf undanfarinna ára sem tryggt hefur réttaröryggi borgaranna og málefnalega meðferð lögreglumála af hálfu ríkisins og traust almennings á lögreglunni.

Ágúst 2002

Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri

*Haraldur Johannessen*





## Stjórnsýsla og rekstur

Efni það sem varðar þennan lið er rakið í viðauka 1 á bls 39.

### Alþjóðadeild

Í upphafi árs 2001 varð sú breyting á starfsemi alþjóðadeildar að tekin var upp sólarhringsvakt. Þetta var gert vegna aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu sem hófst formlega 25. mars en þá urðu öll Norðurlöndin aðilar að samstarfinu. Áður hafði löndunum verið veittur aðgangur að Schengen-upplýsingakerfinu SIS en því fylgdi krafa um veitta þjónustu allan sólarhringinn árið um kring.

Með þátttöku í Schengen-samstarfinu fjölgaði verulega málum sem koma til meðferðar í alþjóðadeild. Munar þar mest um mál sem skráð eru í SIS vegna 95. gr. Schengen-samningsins en þar er um að ræða mál þar sem menn eru eftirlýstir með handtöku og framsal í huga. Farið var yfir sextán þúsund slík mál árið 2001. Þá fer mikill tími í að fara yfir áhafnar- og farþegalista allra þeirra skipa sem til landsins koma frá útlöndum og bera þá saman við Schengen-upplýsingakerfið eins og krafist er af öllum aðildarríkjum Schengen. Árið 2001 komu 1.103 skip til Íslands þar sem skoða þurfti áhafnar- og farþegalista.

Það er ljóst að hlutverk alþjóðadeildar verður sífellt viðameira og mikilvægara, einkum vegna þess að samskipti við yfirvöld í öðrum löndum hafa aukist á undanförunum árum. Þá hefur niðurfelling landamæraeftirlits á Schengen-svæðinu leitt til meiri umferðar fólks sem er eftirlitslaust í landinu og gerist æ algengara að erlendir brotamenn finnist hér.

Tafla 1 sýnir fjölda skráðra viðfangsefna hjá alþjóðadeild árið 2001, skipt eftir mála flokkum. Þar má sjá að deildin sinnti 628 viðfangsefnum það ár sem er nokkur aukning frá fyrra ári er sambærilegur fjöldi var 593. Flest viðfangsefni deildarinnar, alls 309, tengdust samstarfi við Interpol, en þá er einkum um að ræða fyrirspurnir um eftirlýsta einstaklinga, brotaferil, löggjöf, lögregluskipan og þess háttar.



Frá undirritun samstarfssamnings Íslands og Noregs við Europol 28. júní 2001

Tafla 1. Fjöldi verkefna hjá alþjóðadeild árið 2001, eftir málaflokkum

	2001
Interpol	309
Schengen	37
PTN	125
Baltcom	5
Europol	8
Cirefi	53
Útlendingamál	60
Fíkniefnamál	12
Almenn afgreiðsla/ annað	19
<b>Alls</b>	<b>628</b>

## Interpol

Lögreglusamskipti á fjarskiptaneti Interpol eru ávallt mikil. Nú er svo komið að X-400 fjarskiptakerfi stofnunarinnar er orðið úrelt og liggur fyrir að endurnýja kerfið sem allra fyrst. Sú endurnýjun hefur gengið erfiðlega, en vonir standa til að fyrir árslok liggji fyrir ákvörðun um nýtt samskiptakerfi sem byggir á notkun Internets.

Í september kom hingað til lands eftirlitsnefnd á vegum Interpol sem skipuð var einum fulltrúa frá stofnuninni auk fulltrúa frá Austurríki og Finnlandi. Hlutverk nefndarinnar var að gera úttekt á NCB Reykjavík (landsskrifstofu Interpol). Gefin var út skýrsla að heimsókn lokinni þar sem landsskrifstofan fékk mjög góða umsögn. Sameiginlegur rekstur hinna ýmsu lögreglustofnana í einni deild þykir til fyrirmyndar og var í skýrslunni talað um „ideal setup“.

## Europol

Viðræðum um samstarfssamning við Europol lauk snemma árs og var hann undirritaður í Stokkhólmi í lok júní. Öll umsóknarríki um aðild að Evrópusambandinu hafa gert samstarfssamning við Europol og að auki hafa Bandaríkin og Interpol gert slíkan samning. Ísland varð fyrst þessara ríkja til að staðfesta og undirrita samninginn.

Fulltrúi frá Europol kom hingað til lands í nóvember til viðræðna við ríkislögreglustjóra um framkvæmd samningsins en stefnt er að beintengdu tölvusambandi við stofnunina í byrjun árs 2002. Íslendingum hefur verið boðið að senda áheyrnarfulltrúa á fundi yfirmanna Europolskrifstofa, og hefur það boð verið þegið. Samskipti við Europol hafa aukist verulega eftir því sem liðið hefur á árið og viðbúið að framhald verði á þeirri þróun.

## Schengen/Sirene

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hefur leitt til mikilla breytinga á starfsemi alþjóðadeildar og vinnuálag hefur aukist til mikilla muna. Fullyrða má að á heildina lit-ið hafi aðlögun að Schengen-samstarfinu gengið vel. Samstarf við lögreglu og einnig við þá sem hafa annast um þróun og viðhald margskonar tölvukerfa, sem samstarfinu fylgja, hefur verið afar gott. Ekki er nokkur vafi á að SIS-kerfið hefur nú þegar sannað ágæti sitt þótt almenn lögregla mætti nota kerfið meira.

## PTN

Sem fyrr er lögreglusamstarf Norðurlandanna afar gott. Flestum sem til þekkja ber saman um að samstarfið sé til mikillar fyrirmyndar og verður þess vart í vaxandi mæli að önnur lönd líta til þess. Þykir mjög sérstakt hvernig löndin geta rekið samstarfið án nokkurs fasts skrifstofuhalds eða fastra starfsmanna. Ríkislögreglustjórinn tók við formennsku í samstarfinu fyrir hönd Íslands þann 2. júlí til tveggja ára og var starfsmanni alþjóðadeildar falin umsjón með því. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland tekur að sér formennsku í samtökunum. Fyrsti fundur undir forsæti vararíkislögreglustjóra var haldinn í Stokkhólmi í nóvember þar sem saman voru komnir yfirmenn lögreglu á Norðurlöndum auk allflestra sambandsmanna sem staðsettir eru víðsvegar um heiminn. Sambandsmennirnir (liaison officers) eru ýmist frá lögreglu eða tolli og eru þeir staðsettir þar sem fíkniefni eiga uppruna sinn eða tengjast með ákveðnum hætti

annarri brotastarfsemi. Sambandsmenn þessir vinna fyrir öll Norðurlöndin og miðla upplýsingum og afla þeirra samkvæmt beiðnum frá þeim.

Talsverð vinna fylgir formenskunni í PTN. Er þar um að ræða skipulag funda og umsjón með skjalasafni auk þess sem fylgst er með hinum ýmsu viðfangsefnum sem unnið er að innan samtakanna. Þá felst í formenskunni að hafa yfirsýn yfir störf sambandsmannanna og leggja mat á þau á hverjum stað.

## Baltic Sea Task Force

Sem fyrr tekur Ísland takmarkaðan þátt í lögreglusamstarfi Eyrstrasaltsríkjanna en alþjóðadeildin fær send öll gögn sem tengjast samstarfinu og hefur því tök á að fylgjast með því sem þar er að gerast.

## Eftirlit með útlendingum

Verkefnum ríkislögreglustjórans vegna hælisleitenda og fanga sem vísað er brott hefur fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2001 voru farnar 17 ferðir með útlendinga sem vísað var á brott frá Íslandi en til samanburðar voru ferðirnar 12 árið 2000. Kostnaður vegna þessara ferða nam kr. 5.008.245.- árið 2001 en kr. 4.347.032.- árið 2000. Öruggt má telja að slíkum verkefnum muni fjölga á næstu árum.

## Athyglisverð mál sem unnið var að í alþjóðadeild á árinu

Alþjóðadeildin aðstoðaði mörg lögregluembætti, íslensk og erlend, við rannsókn margs konar mála á þessu ári sem fyrr. Sem dæmi má nefna að lögreglan á Keflavík-urflugvelli var aðstoðuð við erlend samskipti vegna máls Austurríkismanns sem tekinn var með talsvert magn af e-töflum á millilendingarsvæði í Leifsstöð.

Einnig var unnið með efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans að rannsókn nokkurra mála þar sem útlendingar höfðu brotið af sér á Íslandi. Þá kom alþjóðadeild að tveimur framsalsmálum á árinu. Í öðru tilvikinu var um að ræða mann sem handtekinn var í Svíþjóð fyrir umferðarlagabrot en þá kom í ljós að hann var eftirlýstur af Interpol annars vegar vegna ákæru fyrir nauðgun og alvarlega líkamsárás og hins vegar vegna 15 mánaða fangelsisdóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá október 1999. Eftir að maðurinn hafði lokið afplánun í Svíþjóð sóttu lögreglumenn úr alþjóðadeild hann og fluttu til Íslands þar sem Héraðsdómur dæmdi hann í júlí til þriggja ára fangelsis fyrir nauðgun. Seinna þvingdi Hæstiréttur dóminn í fjögurra og hálfis árs fangelsi. Í hinu tilvikinu fékk alþjóðadeild lögreglunnar tilkynningu frá Interpol um að hér á landi kynni að vera maður sem yfirvöld í Lettlandi grunuðu um þrjú morð. Lettnesk yfirvöld voru þá að undirbúa eftirlýsingu á alþjóðavettvangi og lá handtökuskipun fyrir. Maðurinn reyndist vera á Dalvík og handtók lögreglan á Akureyri hann þar. Hann var síðan fluttur til Reykjavíkur og þaðan á Litla-Hraun en hann sat í gæsluvarðhaldi út árið á meðan unnið var að framsalsmáli hans hjá íslenskum og lettneskum yfirvöldum.



## Svið 2

### Öryggismál

Sem fyrr voru miklar annir hjá lögreglu vegna opinberra heimsókna og einkaheim-sókna erlendra fyrirmenna árið 2001. Viðfangsefnin voru þó ekki jafn viðamikil og árin 1999 og 2000 sem voru metár hvað varðar umfang og kostnað vegna opinberra heimsókna. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir heimsóknir árið 2001. Þar kemur fram að lög-reglan tók þátt í fylgd og öryggisgæslu vegna 21 heimsóknar og þriggja ráðstefna.

**Tafla 2. Heimsóknir til Íslands árið 2001 þar sem ríkislögreglustjórinn kom að öryggisgæslu**

Mánuður	Nafn og titill	Fjöldi fylgdarmanna
Janúar	Mikulás Dzurinda, forsætisráðherra Slóvakíu	6
Apríl	Dimitrij Rupel, utanríkisráðherra Slóveníu	6
Mái	Mart Laar, forsætisráðherra Eistlands	6
Júní	Mikulás Dzurinda, forsætisráðherra Slóvakíu	9
	Adrienne Clarkson, landstjóri Kanada	3
	Russell-Johnstons, forseti Evrópuráðsþingsins	3
	Sonja Gandhi, formaður Kongressflokksins og leiðtogi stjórnarandst. á Indlandi	11
	Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands	12
	Harald Kujat, hershöfðingi í þýska hernum	5
	Mogens Lykketoft, utanríkisráðherra Danmerkur	4
Ágúst	Luis Mitchell, utanríkisráðherra Belgíu	2
	Alþjóðleg ráðstefna; „Responsible Fisheries in the Marine Eco System“	400
	Renate Künast, þýskur ráðherra neytenda-, matvæla- og landbúnaðarmála	4
	Toomas Hendrik Ilves, utanríkisráðherra Eistlands	4
	Antanas Valionis, utanríkisráðherra Litháen	5
	Indulis Berzins, utanríkisráðherra Lettlands	4
	5. ráðstefna kjöræðismanna Íslands erlendis	140
September	Andris Berzins, forsætisráðherra Lettlands	7
	Margriet, krónprinsessa Hollands	2
	Joachim Danaprins	4
Október	Efnahags- og vísindanefnd NATO	—*
	George Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna	3
Nóvember	Pyotr V. Romanov, varaforseti rússneska þingsins	—*
Desember	Tonino Picula, utanríkisráðherra Króatíu	8

\*Upplýsingar um fjölda ekki fyrirleggjandi

Í apríl fólu ráðuneytisstjórar forsætis- og dómsmálaráðuneyta vinnuhópi að fara yfir umfang og kostnað við löggæslu vegna heimsókna erlendra gesta ríkisins og leggja til leiðir til úrbóta væri þeirra þörf. Í starfi hópsins var m.a. fjallað um öryggisgæslu lögreglunnar, alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í þessum efnum, flokkun heimsókna og kostnað. Niðurstaða vinnuhópsins var að umtalsverð aukning hefði orðið á umfangi og kostnaði lögreglunnar vegna opinberra heimsókna undanfarin ár. Hópurinn var ekki einhuga í niðurstöðu sinni en meirihluti hans gerði tillögu um 20 m. kr. árlega fjárveitingu á sérstökum fjárlagalið, vistuðum hjá dómsmálaráðuneyti, til að standa straum af þessum viðfangsefnum.

### Undirbúningur vegna utanríkisráðherrafundar NATO í maí 2002

Í júní hófst undirbúningur lög- og öryggisgæslu fyrir vorfund utanríkisráðherra ríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þeirra. Ríkislögreglustjóra var falið að hafa yfirstjórn á framkvæmd löggæslu vegna fundarins en einnig var settur á fót undirbúningshópur, á forræði utanríkisráðuneytis, þar sem þeir sem koma að undirbúningsvinnu vegna fundarins eiga sæti.

Þá fól dómsmálaráðuneytið ríkislögreglustjóra að skipa í vinnuhóp fulltrúa lögregluumdæma á suðvesturhorni landsins til að skipuleggja og samhæfa hið margbrotna löggæsluverkefni, sem öryggisgæsla við NATO-fundinn er. Helstu viðfangsefni vinnuhópanna snúa að skipulagi á öryggisgæslu á fundar- og gististöðum og í og við Leifsstöð, fylgd og umferðarskipulagi, lífvarðargæslu, námskeiðshaldi og þjálfun, fjarskiptum, rannsóknum, skoðun á lagaheimildum og lögreglusamþykktum auk fleiri þátta sem þarf að skoða og skipuleggja vegna fundarins.

Ríkislögreglustjóri fól Lögregluskóla ríkisins í samvinnu við sérsveitina að annast viðamikla þjálfun lögreglumanna á sviði öryggisgæslu og mannfjöldastjórnunar og





stóð undirbúningur yfir í lok ársins en stefnt er að námskeiðahaldi í byrjun ársins 2002. Þá var unnið hjá ríkislögreglustjóranum að útgáfu verklagsfyrirmæla og leiðbeininga um mannfjöldastjórnun og öryggisgæslu vegna opinberra heimsókna og samsvarandi tilfella.

### Aukin öryggisgæsla við sendiráð

Í kjölfar leiðtogafundarins í Gautaborg 14. til 16. júní urðu mótmæli og óeirðir við sænsk sendiráð í Evrópu, þ.m.t. í Noregi. Af þessu tilefni óskuðu sænsk yfirvöld eftir auknu eftirliti og meiri gæslu við sænska sendiráðið í Reykjavík og bústað sendiherrans.

Einnig var gæsla við bandaríska sendiráðið í Reykjavík stóraukin í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september og settur á stöðugur lögregluvörður.

### Annað

Á árinu var unnið að frekari uppbyggingu öryggismála, þar með er talin útgáfa handbóka og verklagsreglna. Með því hefur verið bætt úr brýnni þörf á haldgóðum leiðbeiningum.



## Sérsvait

### Námskeið, fundir og undirbúningsvinna

Þjálfun sérsvaitarinnar var með hefðbundnum hætti á árinu. Haldin voru fjögur vikunámskeið auk fjölmargra einstakra æfinga. Á árinu lauk einn sérsvaitarmaður leiðbeinendanámskeiði í skyndihjálpi, annar lauk sjúkraflutninganámskeiði og einn sérsvaitarmaður sótti ríffilnámskeið í Danmörku. Þá aðstoðaði sérsvaitin Lögregluskóla ríkisins við þjálfun í grunnnámi og framhaldsdeild skólans. Í júní tók sérsvaitin þátt í æfing-

unni Norðurvíkingur 2001 þar sem að þessu sinni voru æfð viðbrögð við hryðjuverka-árás. Tveir fulltrúar frá sérsveitinni sóttu vinnufund í Svíþjóð í september ásamt fulltrúum 16 annarra sérsveita víðs vegar að úr heiminum. Á fundinum var fjallað um sérveitarmálefni almennt og verklag sem sérsveitir nota í hinum ýmsu verkefnum.

Seinni hluta ársins sinntu starfsmenn sérsveitarinnar undirbúningsvinnu í tengslum við NATO-fundinn sem haldinn verður hér á landi í maí 2002. Tveir sérsveitarmenn fóru til Danmerkur á námskeið í mannfjöldastjórnun. Þá var mikil vinna lögð í undirbúning námskeiða í mannfjöldastjórnun og öryggisgæslu.

## Helstu viðfangsefni

Sérsveitin sinnti fjölmörgum viðfangsefnum á árinu. Þau helstu voru á sviði öryggisgæslu vegna opinberra heimsókna. Þá var sérsveitin eða hluti hennar, ásamt samningahóp, kölluð út fjórum sinnum á árinu en 17 sinnum voru vakthafandi sérsveitarmenn sendir á vettvang þar sem sérþjálfun þeirra og búnaður kom að notum. Viðfangsefni sprengjusérfræðinga sveitarinnar voru nokkur. Þannig sinntu þeir nokkrum útköllum vegna sprengiefnis sem fundist hafði á víðavangi, sprengjuhótana og öryggisleitar í tengslum við opinberar heimsóknir.

## Alþjóðleg lögreglustörf

### Löggæsla í Balkanlöndum

Störf íslenskra lögreglumanna við friðargæslu í Balkanlöndum var með svipuðu sniði og fyrri ár. Að meðaltali eru þrír lögreglumenn starfandi í Bosníu og Hersegóvínu og einnig í Kosovó. Starfstíminn er níu til 12 mánuðir í Bosníu en sex til 12 í Kosovó.

Á síðasta ári komu sex lögreglumenn heim frá störfum í Bosníu og Hersegóvínu og tveir frá Kosovó. Þá fóru þrír lögreglumenn til starfa í Bosníu og Hersegóvínu og tveir til Kosovó.

### Nordic Peace 2001

Yfirlögregluþjónn frá ríkislögreglustjóranum tók þátt í æfingunni Nordic Peace 2001, sem að þessu sinni var haldin í Norður-Noregi dagana 5. til 15. júní. Þetta er í annað skiptið sem íslenskur lögreglumaður tekur þátt í svona æfingu. Markmið Nordic Peace æfinganna er að skoða hlutverk, skyldur og aðgerðir borgaralegra yfirvalda og annarra stofnana í friðarumleitunum og friðargæsluverkefnum, samstarf milli borgaralegra samtaka og hers, gefa þeim sem starfa að borgaralegum verkefnum og mannúðarmálum innsýn í það stjórnunarfyrirkomulag sem stuðst er við í friðargæsluverkefnum (Peacekeeping Operations) o.fl. Kostnaður við þátttöku í æfingunni var greiddur af utanríkisráðuneytinu.



## Umferðarmál

Árið 2001 var þriðja starfsár umferðardeildar ríkislögreglustjórans. Starfsmenn deildarinnar eru sjö; sex varðstjórar og einn aðalvarðstjóri, þar af einn varðstjóri með aðsetur á Akureyri sem sinnir eftirliti ásamt starfsmanni Vegagerðarinnar. Til viðbótar voru ráðnir tveir lögreglumenn sem störfuðu yfir sumarmánuðina. Deildin hefur þrjár lögreglubifreiðar til umráða, þar af eina merkta lögreglubifreið, sérstaklega útbúna til nota við öndunarsýnatöku vegna gruns um ölvun við akstur. Ómerktu lögreglubifreiðarnar eru útbúnar hraðamyndavélum. Alls voru 3.389 brot skráð af umferðardeildinni. Þar af voru flest (2.530) tengd of hröðum akstri en einnig voru 436 brot á áspunga ökutækis og 116 vegna ökurita.

Vinna var með svipuðu sniði og undanfarin ár og byggðist einkum á eftirlitsferðum um landið í samvinnu og samráði við lögregluembættin. Aðstoðarbeiðnum til deildarinnar fjölgaði milli ára, sérstaklega yfir sumarmánuðina. Þær sneru einkum að umferðarstjórnun vegna stórvíðburða, svo sem Landsmóts UMFÍ á Egilsstöðum. Um verslunarmannahelgina var eftirlit á þjóðvegum landsins eftt með því að fjölga mann-



Unnin mynd

skap og lögreglubifreiðum í umferð. Tvær lögreglubifreiðar voru á Norðurlandi, ein á Suðurlandi og ein á Austurlandi. Þá var ein lögreglubifreið gerð út frá Reykjavík auk þess sem lögreglubifreið var staðsett við útihátíðina á Eldborg á Mýrum.

Í desember 2000 gerðu ríkislögreglustjóri og vegamálastjóri með sér samstarfs-samning um eftirlit á vegum, einkum með stærri ökutækjum m.t.t. þunga, ökurita og ökuréttinda (ADR). Vegagerðin leggur til fjórar merktar lögreglubifreiðar; þrjár gerðar út frá Reykjavík og eina frá Akureyri. Með tilkomu samningsins hefur orðið merkjan-leg aukning í fjölda brota á milli ára.

Af öðrum viðfangsefnum má nefna þjálfun nema í Lögregluskóla ríkisins í for-gangsakstri, kennslu á hraðamyndavélar og upprifjun á meðferð og notkun öndunar-sýnatækja.

### Samstarfsverkefni

Ríkislögreglustjórinn tekur þátt í samstarfi norrænna lögregluyfirvalda um umferðar-mál; SANT (Samarbetsorgan angående nordiska trafikfrågor). Á árinu voru haldnir tveir fundir, í Finnlandi og á Íslandi, þar sem málefni fyrra árs voru rædd og ákveðið hvaða verkefni taka ætti fyrir á öllum Norðurlöndunum árið 2001.

Fulltrúi umferðardeildar átti sæti í nokkrum nefndum og vinnuhópum á árinu, má þar nefna vinnuhóp sem skipaður var af dómsmálaráðherra um akstur með hættuleg efni í jarðgöngum, sérstaklega með Hvalfjarðargöng í huga. Fulltrúi umferðardeildar á jafnframt sæti í Umferðarráði.

## Áfengiseftirlits- og vopnalagamál

Frá gildistöku áfengis laga nr. 75/1998 hefur ríkislögreglustjórinn annast útgáfu starfs-leyfa til framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis í atvinnuskyni. Fjöldi gildra leyfa er breytilegur frá einum mánuði til annars þar sem nokkuð er um að fyrirtæki reyni fyrir sér í áfengisinnflutningi en skili leyfinu aftur inn. Útgáfa leyfisbréfa og eftirlit með leyfishöfum er unnið í nánú samstarfi við tollgæslu, skattstjóra, lög-regluembættin, ríkisskattstjóra, hagstofu Íslands og ríkisbókhald.

Tafla 3 sýnir fjölda gildra starfsleyfa á grundvelli áfengis laga þann 31. desember 2001. Samtals voru 103 starfsleyfi í gildi á þeim tíma en 13 fyrirtæki hættu verslun með áfengi á árinu.

**Tafla 3. Fjöldi fyrirtækja sem höfðu gilt starfsleyfi á grundvelli áfengislaga þann 31. desember 2001**

Eðli leyfis	Fjöldi fyrirtækja
Framleiðsluleyfi	5
Innflutningsleyfi	7
Áfengisheildsöluleyfi	63
Leyfi til að kaupa og nota etanól og spíritus fortis vegna iðnaðar	28

### Vopnalög

Í landinu öllu eru 56 fyrirtæki með starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri en aðeins hluti þeirra, 13 fyrirtæki, stóðu að innflutningi á þessum vörum á árinu. Þá hafa einstaklingar rétt til að flytja inn skotvopn og skotfæri til eigin nota, uppfylli þeir skilyrði og hafi greitt fyrir innflutningsleyfi. Árið 2001 var sótt um 518 leyfi vegna inn- eða útflutnings á skotvopnum, þar af var átta umsóknum, 1,5%, synjað. Í töflu 14 í viðauka 3 má sjá að flest leyfi voru vegna innflutnings á skotvopnum til endursölu en einnig voru 117 leyfi veitt til útlendinga vegna tímabundins innflutnings skotvopna. Í töflu 15 í sama viðauka má sjá tegund þeirra skotvopna sem flutt voru til landsins árið 2001. Sjá má að á síðasta ári voru 1.148 haglabyssur fluttar til landsins, þar af 1.109 til endursölu. Þá voru fluttir inn 290 rifflar, 13 skammbyssur, 8 loftbyssur og 26 lita-merkibyssur.

Þótt fyrirtæki hafi starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri þarf að sækja um alþjóðlegt innflutningsleyfi til ríkislögreglustjórans fyrir hverri sendingu til landsins, því að víða er ekki hægt að fá afgreiðslu erlendis eða útflutningur til Íslands er ekki leyfður nema þetta leyfi liggi fyrir. Einstaklingar þurfa hins vegar að sækja um innflutningsleyfi til lögreglustjórans í heimahéraði en þau fá endanlega afgreiðslu ríkislögreglustjórans.

Talsvert er um að einstaklingar reyni að fá undanþágu fyrir innflutningi á ýmsum tegundum vopna sem ekki er heimilt að flytja til landsins, eiga eða hafa í sinni vörslu, nema með sérstöku leyfi ríkislögreglustjórans. Þannig undanþágur eru ekki veittar nema vopn hafi söfnunargildi eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Kaup Íslendinga á vopnum, t.d. á hnifum og sverðum sem eru nýsmíði, oft eftirlíkingar af fornri vopnasmíð sem eru til sölu á ferðamannaslóðum erlendis, gefa ekki tilefni til slíkra heimilda. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á þessu þar sem talsvert er um að annars grandvart fólk kaupi slíka hluti í góðri trú en séu síðan sviptir þeim við tollskoðun þegar heim er komið. Sjá nánar um útgefin leyfi í viðauka 3 bls 53.

## Tækja- og búnaðarmál


### Bílamíðstöð

Veruleg endurnýjun lögreglubifreiða fór fram árið 2000 og má segja að það hafi verið endurnýjun fyrir tvö ár með það að markmiði að draga úr viðgerðarkostnaði og tryggja lögregluembættunum betri ökutæki. Var þetta gert í samráði við dóms- og fjármálaráðuneyti og samkvæmt þeirri áætlun að ná halla niður á fjórum árum. Í samræmi við þá áætlun var einungis ráðstafað 25 milljónum króna til endurnýjunar ökutækja árið 2001 og keyptar voru fjórar fólksbifreiðar og fjögur sérbúin lögreglubifhjól. Hækkanir á eldsneytisverði fyrrihluta ársins settu verulegt strík í reikninginn hvað varðar rekstur bifreiða hjá embættunum en þau fengu ekki bættan þann kostnaðarauka sem þessar hækkanir leiddu til.

Á árinu sömdu ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórinn í Reykjavík um breytt skipulag bílamíðstöðvar ríkislögreglustjórans sem m.a. felur í sér aukið hlutverk starfsmanna lögreglustjórans í Reykjavík við almennt eftirlit og þjónustuviðhald ökutækja hjá bílamíðstöðinni.



Árið 2001 voru 147 ökutæki í eigu lögreglunnar á Íslandi sem er nokkur fækkun frá fyrri árum. Þannig voru ökutæki til að mynda 151 árið 1995 og 152 árið 1990. Mynd 1 sýnir samtals ekna kílómetra árið 2001 samanborið við 1999 og 2000 á ökutækjum lögreglunnar. Eins og sjá má hefur fjöldi ekinna kílómetra aukist um 10%



**Mynd 1. Eknir kílómetrar ökutækja í eigu lögreglunnar á árunum 1999–2001**

frá 1999 eða um rúmlega 500.000 kílómetra. Það sem einna helst skýrir þetta er að með breyttu fyrirkomulagi eru ökutækjin nýrri en áður og nýtast því betur þar sem minna er um bilanir.

### Eftirlit með ökutækjum lögreglu

Í júnímánuði skipaði ríkislögreglustjóri starfshóp til að skoða meðferð lögreglumanna á tækjabúnaði lögreglunnar, bifreiðum og fjarskiptatækjum og fylgni við fyrirmæli og reglur um notkun búnaðarins. Hópurinn beindi kröftum sínum aðallega að akstri og meðferð lögreglubifreiða, meðal annars með því að ræða við lögreglumenn um allt land. Starfshópurinn skilaði niðurstöðu sinni til ríkislögreglustjóra í október en hafði skilað áfangaskýrslu í byrjun júlí þar sem bent var á ýmis atriði til skoðunar. Enn er verið að vinna úr ábendingum hópsins en í heild má segja að þær hafi leitt til betri meðferðar á ökutækjum lögreglunnar og dregið nokkuð úr tjónum á ökutækjunum sem rekja má til óaðgæslu.

Með tilkomu Tetra-fjarskipta á Suðvesturlandi skapaðist möguleiki til að sjá staðsetningu lögreglubifreiða á tölvuskjá Fjarskiptamiðstöðvar, en slíkt eftirlit hefur verið nefnt ferilvöktun. Markmið hennar er að tryggja skjót viðbrögð lögreglu við tilkynningum um neyðartilvik, efla öryggi lögreglumanna og stuðla að betra skipulagi, yfirsýn og nýtingu mannafla lögregluliðanna.

Reglubundin ferilvöktun ökutækja lögregluliðanna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og á Selfossi hófst í marsmánuði 2001. Skráð er í tölvuforrit staðsetning lögreglubifreiða með sjálfvirkum sendingum GPS hnita um Tetra-fjarskiptakerfið til Fjarskiptamiðstöðvar. Auk þess er hraði bifreiða skráður og

hvort þeim er ekið með kveikt forgangsljós eða þau kveikt og bifreiðin kyrrstæð. Nákvæmni í hraðamælingum ferilvöktunarkerfisins er +/- 1km, en nákvæmni hnita er upp á 5 til 10 m.

Ríkislögreglustjórinn sendi Persónuvernd til kynningar og umsagnar drög að reglum um ferilvöktun ökutækjanna. Persónuvernd féllst á sérstaka nauðsyn ferilvöktunar og taldi hana byggja á yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi. Gaf ríkislögreglustjórinn í framhaldi af því út reglur um ferilvöktun ökutækja lögreglu og meðferð upplýsinga sem skráðar eru með þeim hætti.

## Fjarskiptamiðstöð

Í maí 2001 flutti lögreglan á Selfossi fjarskipti sín yfir til fjarskiptamiðstöðvar. Þar með eru öll embættin, sem ákveðið var að tengdust FML í upphafi, komin inn í kerfið.

Við upphaf árs voru nokkrir erfiðleikar með Tetra-kerfið í kjölfar uppfærslu hugbúnaðarins þar sem galli á honum kom í ljós. Þessu fylgdu miklir erfiðleikar sem ekki var hægt að vinna á fyrr en í apríl en frá þeim tíma hefur kerfið reynst vel. Ferilvöktunarkerfið hefur einnig sannað sig og sýnt að kerfið nýtist lögreglu vel, ekki síst hvað varðar skipulag aðgerða. Ferilvöktunarbúnaður er nú kominn í nánast allar löggæslubifreiðar, einkenndar sem óeinkenndar.

Seinni hluta ársins sameinuðust Tetra fyrirtækin tvö, Lína.net og Stikla, í nýtt fyrirtæki, Tetra Ísland. Í desember tilkynnti stjórn hins nýja fyrirtækis að hún hygðist skipta út þeim tækjabúnaði sem verið hefur í notkun, fyrir nýjan tækjabúnað. Var því jafnframt lýst yfir að tryggt yrði að um sömu notkunarmöguleika og gæði yrði að ræða í nýja kerfinu og í hinu eldra. Viðræður standa yfir um hvort lögreglan fallist á breytinguna.

Miklar tafir hafa orðið á byggingu nýs húsnæðis fyrir fjarskiptamiðstöð. Hefur það komið illa niður á rekstri stöðvarinnar, einkum vegna þrengsla og ófullnægjandi loft-ræstingar í núverandi húsnæði.

## Leitar- og björgunarmál

Í byrjun nóvember fluttist umsjón og samræming leitar- og björgunarmála til fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar. Ríkislögreglustjórinn samdi uppkast að reglum um skipan leitar og björgunar á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita. Þar er að finna skýringar á helstu hugtökum, ákvæði um hlutverk lögreglu, björgunarsveita, landsstjórnar og svæðisstjórna björgunarsveita. Í reglunum er mælt fyrir um fyrstu viðbrögð við tilkynningu, fjallað um útköll vegna verkefna fyrir lögreglu, skipulag vettvangs- og leitarstjórnunar, auk ákvæða um viðbragðsáætlanagerð, samhæfða þjálfun, aðgerðir á forræði annarra en lögreglu, gagnabanka um hegðun týndra einstaklinga





og forgangsakstur á ökutækjum björgunarsveita. Einnig fóru fram viðræður ríkislög-  
reglustjórans, Flugmálastjórnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um rekstur sam-  
eiginlegrar leitar- og björgunarmiðstöðvar vegna leitar á landi og leitar að flugförum,  
auk þess sem viðræður fóru fram við Neyðarlínuna og Almannavarnir ríkisins um sam-  
starf.

## Ýmislegt

### Starfshópur um athugun á brotastarfsemi tengdri kynþáttahyggju og þjóðerniskennd

Björn Halldórsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, var tilnefndur í norrænan starfshóp sak-  
sóknara og lögreglumanna, sem hafði það markmið að rannsaka hugsanleg vandamál  
og aðferðir varðandi baráttuna við refsiverða háttsemi tengda kynþáttahyggju og  
þjóðerniskennd og meta þörfina á bættri upplýsingamiðlun.

Forsaga þessa máls er að í janúar 1999 var, fyrir tilstilli Norræna ráðherraráðsins,  
skrifuð skýrsla um refsilöggjöf er snýr að kynþáttafordómum og útlendingahatri. Nið-  
urstaða ráðherraráðsins var að ekki væri þörf á lagabreytingum á þessu sviði en hins  
vegar var ályktað að Norðurlöndin þyrftu að hafa náið samstarf til að fyrirbyggja  
brotastarfsemi af þessum toga. 19. júní 2000 ákváðu norrænu dómsmálaráðherrarnir

að settur yrði á laggirnar vinnuhópur sérfræðinga; saksóknara og lögreglumanna, sem hefði ofangreint markmið. Vinnuhópurinn hefur fundað þrisvar á hinum Norðurlöndunum og 28. til 30. nóvember sl. var haldin námstefna í Reykjavík með þátttöku um 40 fulltrúa allra Norðurlandanna. Stefnt er að því að starfi vinnuhópsins ljúki með útgáfu skýrslu á fyrri hluta ársins 2002.

Ragnheiður Harðardóttir, saksóknari, leiðir starf og framlag Íslands af þessu tilefni.







## Svið 3

### Starfsmannamál

Efni það sem varðar þennan lið er rakið í viðauka 2 á bls 43.

### Skipulagsmál

Árið 2001 var gerð breyting á skipuriti ríkislögreglustjórans er eftirlit með lögreglustöðvum og búnaði þeirra færðist yfir á svið 2 þar sem tækja- og búnaðarmál lögreglu voru fyrir, en svið 3 mun annast skipulag og uppbyggingu lögregluliða. Á árinu 2001 var lögreglustöðin á Blönduósi stækkuð og endurbætt. Við það batnaði aðstaða lögreglunnar þar til muna og er nú hin glæsilegasta í alla staði.

### Tölvumál

Seinni hluta ársins 2001 hófst undirbúningur að endurnýjun á hugbúnaðarkerfum lögreglu og er gert ráð fyrir því að búið verði til nýtt heildarkerfi fyrir lögreglu á næstu árum.

### Sektakerfið

Árið 2001 var fjórða heila árið, sem hið nýja sektakerfi var í notkun. Um er að ræða miðlægt kerfi sem allir lögreglustjórar nota. Lögreglustjórnir ákvarða sektarboð og skrá allar upplýsingar um þau í kerfið, en embætti ríkislögreglustjóra sér um að senda út giróseðla og ítrekanir vegna þeirra.

### Sektarboð

Sektarboð eru eingöngu send út vegna umferðarlagabrota og eru boð lögreglustjóra til brotlegra aðila í umferðinni um að ljúka máli með greiðslu sektar. Árið 2001 voru send út rúmlega 38.000 sektarboð en frá 1998 til 2001 hefur útsendum sektarboðum á landinu öllu fjölgað um tæplega 22%. Fjölgunin var mest hjá embætti lögreglustjórans í Búðardal þar sem fjöldi sektarboða fór úr tveimur árið 1998 í 112 árið 2001. Þessi mikla fjölgun skýrist einkum af mannbreytingum og tilkomu myndavélabíla embættis ríkislögreglustjóra sem notaðir eru víða um land. Mál sem umferðardeild ríkislögreglustjórans stofnar til eru skráð á embætti þess umdæmis þar sem brot er framið.

### Sektargerðir

Sektargerðir eru notaðar til að bjóða brotlegum að ljúka máli með greiðslu sektar. Meginmunur á sektargerðum og sektarboðum er sá, að sektargerð er send út með kvaðningu um að mæta á lögreglustöð þar sem boðið verður upp á að ljúka máli með greiðslu sektar og eftir atvikum greiðslu málskostnaðar auk annarra íþyngjandi ákvæða, svo sem sviptingar ökuréttinda. Sektargerðir eru notaðar til að ljúka öllum málum, sem lögreglustjórum er heimilt að ljúka með sektum. Þar getur verið um að ræða minni fíkniefnabrot, brot gegn ýmsum sérrefsilögum, umferðarlagabrot þar sem sektir fara yfir kr. 100.000,- eða ef svipting ökuréttinda er liður í viðurlögum við brotinu.

Árið 2001 voru sendar út 3.138 sektargerðir sem er um 18% fækkun frá árinu á undan er 3.806 sektargerðir voru sendar út. Þegar hins vegar er litið til þróunar frá árinu 1998 þá hefur útsendum sektargerðum fjölgað um 5%.

### Innheimta sekta

Samhliða fjölgun útsendra sektargerða og sektarboða, auk dómsáritana, hafa greiðslur í ríkissjóð vegna sekta aukist verulega. Þannig voru tæplega 295 milljónir greiddar í ríkissjóð vegna sekta árið 1998 en rúmlega 390 milljónir árið 2001 sem er um 32%

**Tafla 4. Greiddar sektir frá 1998 til 2001**

Ár	Greidd sektarboð	Greiddar sektargerðir	Greiddar dómsáritanir	Samtals
1998	202.264.684	91.517.504	883.000	294.665.188
1999	192.808.607	83.874.271	25.938.670	302.621.548
2000	204.620.685	88.594.158	30.498.084	323.712.927
2001	263.778.969	87.565.409	38.811.266	390.155.644
<b>Samtals</b>	<b>863.472.945</b>	<b>351.551.342</b>	<b>96.131.020</b>	<b>1.311.155.307</b>

aukning. Í töflu 4 má sjá hversu mikið hefur verið greitt í ríkissjóð vegna sektarboða, sektargerða og dómsáritana frá árinu 1998. Sjá má að greiðslur vegna dómsáritana og sektarboða hafa vaxið en hins vegar hafa greiðslur vegna sektargerða lækkað lítillega. Frá árinu 1998 hafa samtals verið greiddar kr. 1.311.155.307,- í ríkissjóð vegna lögreglusekta.

Nánari umfjöllun um sektir verður að finna í sérstakri skýrslu ríkislögreglustjórans um afbrot og afbrotapróun sem fljótlega kemur út.



### Umferðarpunktur

Árið 2001 fengu alls 15.139 einstaklingar umferðarpunkta, þar af voru 89 sviptir ökuréttindum vegna þess að þeir voru komnir með of margra umferðarpunkta. Langflestir þeirra sem sviptir voru ökuréttindum vegna umferðarpunkta voru á aldrinum 17 til 20 ára, eða 80 talsins. Athygli vekur að einungis fimm ökumenn eldri en 25 ára voru sviptir ökuréttindum vegna umferðarpunkta.

Af þeim sem fengu umferðarpunkta á árinu voru einungis 23% konur og af þeim sem voru sviptir ökuréttindum vegna of margra umferðarpunkta voru 2,3% konur.

Hvað einstaka flokka brota varðar, þá fjölgaði nokkuð skráðum brotum á reglum um hámarks áspunga bifreiða, úr 373 árið 1999 í 453 árið 2001. Þá varð fækkun á skráðum brotum vegna vanrækslu á að færa bifreiðar til aðalskoðunar. Árið 1999 voru 8.417 sektir vegna þess, 7.864 árið 2000 og árið 2001 hafði þeim fækkað niður í 5.555. Sektir fyrir að aka of hratt voru 16.755 árið 1999, þeim fjölgaði í 17.422 árið 2000 og árið 2001 voru sendar út 20.172 sektir. Þegar á heildina er litið voru sektir fyrir of hraðan akstur 47% allra sekta fyrir umferðarlagabrot árið 2001.

### Fundir, fræðslu- og vinnuferðir

Fulltrúar frá sviðinu sóttu árlegan fund tölvudeilda lögreglu á Norðurlöndum, sem haldinn var í Noregi. Starfsmaður sviðsins sótti ráðstefnu í Hollandi um Codis-gagna-grunn vegna DNA og í framhaldi af því fund sem haldinn var í Stokkhólmi um stöðu og lausnir í hugbúnaðarmálum lögreglu á Norðurlöndum.

Norrænn árlegur fundur um jafnrétti kynjanna var haldinn að þessu sinni í Reykjavík. Starfsmenn sviðs 3 sátu fundinn ásamt gestum frá Norðurlöndunum. Fulltrúi frá félagi lögreglukvenna á Íslandi, Kríunum, kynnti starfsemi félagsins og fulltrúi frá félagsmálaráðuneytinu kynnti nýju fæðingarorlofslögin.







## Svið 4

Þann 22. október 2001 var skipuriti embættisins breytt og færðust þá tvær stöður lög-reglufulltrúa ásamt viðfangsefnum frá sviði 4 til sviðs 5. Var með þessu verið að samnýta skylda rannsóknarþætti og skerpa skil milli viðfangsefna sviðanna og bregðast við nýjum viðfangsefnum vegna hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Þannig færðist rannsókn brota gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum, sem og aðstoð við lögreglustjóra vegna rannsókna alvarlegra brota til sviðs 5. Samhliða voru ný viðfangsefni færð undir svið 4, svo sem innra eftirlit, útgáfu-starfsemi og menntunar- og fræðslumál. Skráð viðfangsefni hjá sviðinu voru alls 641, en voru 697 árið á undan.

### Rannsóknadeild

Í töflu 5 má sjá yfirlit yfir þau viðfangsefni sem starfsmenn rannsóknadeildar sinntu á árinu. Þar kemur fram að flest viðfangsefni, eða 102, sneru að aðstoð og beiðnum ýmiss konar, þar af tæplega helmingur vegna rannsókna mála. Þá eru 66 viðfangsefni vegna fíkniefnamála, annarra en rannsókna, og í 52 tilvikum var um að ræða fyrirspurnir, upplýsingar, aðsend gögn o.fl. Nokkur fækkun viðfangsefna er á árinu miðað við árið á undan, þegar þau voru 354. Skýrist það helst af því að fíkniefnamálefni eru komin í fastari skorður en áður, auk þess sem breyting á skipuriti hefur áhrif.

**Tafla 5. Samantekt viðfangsefna rannsóknadeildar**

Tegund viðfangsefnis	Fjöldi
Aðstoð og beiðnir ýmiss konar	56
Aðstoð við rannsókn mála	46
Fyrirspurnir og upplýsingamiðlun	52
Fíkniefnamál, önnur en rannsókn	66
Sóttar ráðstefnur og fundir	15
Fyrimæli og leiðbeiningar	3
Vinnuhópar	8
Skýrslur, úttektir og tölfræði	21
Ýmislegt annað, ótilgreint	17
<b>Samtals</b>	<b>284</b>

### Fíkniefnastofa

Einhver mikilvægasti þátturinn í starfi fíkniefnalöggæslu er hvers konar upplýsinga-starfsemi og hafa lögregluliðin á suðvesturhorninu tekið mið af því. Lögregluembættin í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Keflavíkurflugvelli og Selfossi hafa unnið náið saman á þessu sviði. Önnur embætti hafa einnig komið að þessu samstarfi svo

sem Akranes, Borgarnes og Hvolsvöllur. Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans heldur utan um þetta samstarf, með reglulegum fundum, í þeim tilgangi að fara yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja um fíkniefnabrot og tengd brot, safna og miðla upplýsingum um virka brotamenn, skipuleggja sameiginlegar aðgerðir í samráði við viðkomandi lögreglustjóra og efla afbrotavarnir í fíkniefnamálum og tengdum brotum.

Starfsmenn fíkniefnastofu sinntu einnig öðrum verkefnum er snúa að samvinnu og aðstoð við lögregluembættin, unnu t.a.m. ásamt starfsmönnum lögreglunnar í Reykjavík að endurnýjun tæknibúnaðar vegna símhlustana. Þá hefur embættið boðið lögregluembættunum styrkta fíkniefnalöggæslu um verslunarmannahelgar m.a. með leit- arhundum. Embættin hafa nýtt sér þessa samvinnu með góðum árangri.

### **MG-vinnuhópurinn**

Á árinu skilaði vinnuhópur lögreglu og tollgæslu ítarlegri skýrslu með tillögum um auk- ið samstarf og aðgerðir í fíkniefnamálum, m.t.t. Schengen-samstarfsins. Segja má að skýrslan sé handbók um ýmis atriði sem þarf að hafa í huga vegna baráttunnar gegn innflutningi fíkniefna. Skýrslan hefur verið til skoðunar hjá yfirstjórn lögreglu og toll- gæslu.

### **Schengen-nefndin**

Í Schengen-nefnd um fíkniefni eru Evrópusambandslöndin, auk Noregs og Íslands. Á síðasta ári sótti fulltrúi frá Íslandi tvo fundi, þar sem töluvert var rætt um e-töfluna, útbreiðslu hennar og aðgerðir yfirvalda til að uppræta fíkniefnaverksmiðjur. Mikil áhersla er lögð á að aðgerðaáætlanir séu til staðar í fíkniefnavörnum hjá hverju landi og alþjóðlegt samstarfs sé vel virkt, ennfremur forvarnir og meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur auk þess sem rætt var um rannsóknir og skoðanakannanir sem Schengen-nefndin hefur komið að og sýna stöðu mála á þessu sviði.

### **Forvarnir**

Á árinu var komið á fót sérstakri stöðu forvarnafulltrúa hjá embættinu. Hlutverk hans felst m.a. í umsjón með forvarnamálum ríkislögreglustjórans, samræmingu forvarna lögreglu, vinnu við bæklinga, fræðslu- og kennsluefni, eftirliti með stöðu og þróun af- brota og fundarsetu fyrir hönd embættisins í forvarnamálum. Ennfremur að vera vel að sér um forvarnir hinna ýmsu aðila og stofnana. Þá sér forvarnafulltrúinn um sam- skipti við lögregluembættin, stofnanir og aðra um fíkniefnaforvarnir og aðrar forvarnir sem tengjast áhættuhegðun barna og ungmenna.

Forvarnafulltrúinn stýrir einnig vinnuhópi sem ríkislögreglustjórinn skipaði haustið 2001 og hefur það hlutverk að fara yfir efni sem snýr að forvarnastarfi með það að markmiði að gera slíkt efni aðgengilegt fyrir lögregluna í landinu. Áhersla er lögð á að samræma allt efni sem til er og lögreglumenn hafa notað í forvarnastarfi á vegum ein-



stakra embætta. Ákveðið var að beina sjónum að afbrotaforvörnum barna og ungmenna, en forvarnaefni fyrir aðra hópa verður einnig safnað.

### Innra eftirlit

Ríkislögreglustjóri hefur í vaxandi mæli falið sviðinu viðfangsefni, sem kalla má innra eftirlit. Með hinu nýju skipuriti embættisins var innra eftirlit gert að einu viðfangsefna sviðsins.

Helstu viðfangsefni ársins er snúa að innra eftirliti fólust m.a. í að athuga hvernig staðið er að símhlustun hér á landi og hvort öll lögreglulið hafi möguleika á að beita þessu úrræði þegar þörf er á. Í samvinnu við lögreglustjóran í Reykjavík var komið upp nýjum og fullkomnum símhlustunarbúnaði hjá embættinu sem tryggja á öllum lögregluliðunum möguleika á þessari þjónustu og einfaldar búnaðurinn einnig alla framkvæmd símhlustana.

Á árinu voru samskipti við fjölmiðla skoðuð í kjölfar ályktunar stjórnar Bláðamannafélags Íslands frá 10. ágúst 2001, sem send var lögreglu og fjölmiðlum, en þar lýsir stjórnin hneykslun sinni á framgöngu lögreglumanna sem voru við eftirlit með mót-mælum við Reykjavíkurhöfn þá nýverið. Ennfremur segir að lögreglan hafi hindrað þar enn og aftur blaðamenn við störf og brotið stjórnarskrárvernduð réttindi þeirra, m.a. með því að taka fyrir linsu á ljósmyndavél, sem sé hvort tveggja ofbeldisverknaður og lögbrot. Krefst Bláðamannafélagið þess að lögreglan í Reykjavík biði hlutaðeigandi ljósmyndara afsökunar og að hún tryggi að „ósvinna af þessu tagi endurtaki sig ekki“.

Ríkislögreglustjórinn ákvað að gera athugun á því hvernig samskiptum lögreglu og blaðaljósmyndara var háttað umrætt sinn. Aflað var upplýsinga og gagna, m.a. frá Blaðamannafélagi Íslands og lögreglunni í Reykjavík. Niðurstaða þeirrar athugunar var sú að ekki væri tilefni til athugasemda af hálfu ríkislögreglustjórans vegna framgöngu lögreglumanna umrætt sinn en tilteknum ábendingum var komið á framfæri við lögreglu og Blaðamannafélag Íslands.

Þá var skoðað vinnulag við húslleit í apríl 2001 sem var stjórnað og framkvæmd af lögreglunni í Reykjavík, en rannsókn málsins var unnin í samvinnu við efnahagsbrota-deilda ríkislögreglustjórans. Um var að ræða húslleit á heimili manns, sem grunaður var um fíkniefnabrot. Meðan á húslleitinni stóð komst maðurinn óséður í herbergi þar sem voru skotvopn, sem hann notaði til að svipta sig lífi. Þessi athugun var óháð athugun ríkissaksóknara á atburðinum, en hann ákvað að henni lokinni að ekki væru efni til aðgerða af hálfu ákærvalds. Ríkislögreglustjórinn beindi hins vegar athugasemdum til lögreglustjórans í Reykjavík um nokkur atriði sem sneru að verklagi við framkvæmd húslaitarinnar.

Ríkislögreglustjórinn ákvað í júlí 2001, að höfðu samráði við ríkissaksóknara, að gera könnun á því hvernig lögreglurannsóknnum væri háttað hjá lögregluembættunum. Þótti rétt að skoða feril mála, hver eða hverjir vinna að rannsóknnum, samstarfi, tímalengd á rannsókn, aðstöðu, samstarfi við önnur lögregluembætti o.fl. Þessi athugun leiddi í ljós að rannsókn mála er í höndum almennra lögreglumanna, varðstjóra og annarra yfirmanna, auk rannsóknarlögreglumanna. Sérhæfing innan lögregluliðanna við rannsókn mála er ekki almenn, nema á stærri stöðunum, þar sem fjöldi brota er miklu meiri. Á sumum stöðum skipta lögreglumenn með sér bakvöktum vegna mála sem upp koma. Annars sinna vakthafandi lögreglumenn þeim, og þurfa þar af leiðandi að vera hæfir til að takast á við tilfallandi rannsóknir. Rannsókn mála er undir stjórn löglærðra fulltrúa lögreglustjóra, eða lögreglustjóranna sjálfra, og þegar upp koma mál sem heimamenn eru óvanir að fást við er greiður aðgangur að aðstoð frá nágrannaumdæmi eða ríkislögreglustjóranum.

### Skýrslur um afbrot

Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórar gerðu á árinu ítarlega athugun á líkamsárásam, sem tilkynntar voru lögreglu árið 1999. Í skýrslunni koma fram mjög gagnlegar upplýsingar er snúa að brotumum sjálfum og þolendum og gerendum þeirra. Þá var til samanburðar byggt á tölum frá slysa- og bráðamóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss. Skýrslan var kynnt á fundi með lögreglustjórum og ríkissaksóknara.

Fíkniefnastofa hefur á síðustu árum gefið út sérstaka skýrslu um fíkniefnamál, þar sem gerð er grein fyrir ýmsum atriðum er varða fíkniefnamál, tegund og magn þeirra fíkniefna sem lögregla og tollgæsla leggja hald á o.fl.

Næsta skýrsla um fíkniefnamál verður sameinuð sérstakri skýrslu um afbrot og afbrotapróun, sem fljótlega kemur út.



## Námsferð

Í ágúst 2001 hlutaðist ríkislögreglustjórinn til um að senda Þorstein Hraundal, sem séð hefur um lögregluhunda lögreglunnar í Reykjavík, á námskeið í hundaskóla Metropolitan lögreglunnar í Englandi. Á námskeiðinu var farið í þjálfun hunda vegna fíkniefna, sprengju- og vopnaleitar, fjallað um val á fólki til að vinna með þessum hundum og þjálfun á því. Einnig var farið yfir það hvernig hægt er að vinna með þeim sem annast lögregluhunda og aðstoða þá við að laga galla í þjálfun. Að námskeiðinu loknu teljast þátttakendur hafa fengið næga þjálfun til að vinna einir að þjálfun hunda til ýmiss konar leitar og jafnframt að leiðbeina öðrum sem annast lögregluhunda.



## Tæknirannsóknastofa

Í heildina hefur viðfangsefnum tæknirannsóknastofu ekki fjölgað mikið milli ára eða úr 343 árið 2000 í 357 árið 2001. Tafla 6 sýnir nánari skiptingu viðfangsefna hjá tæknirannsóknastofu árið 2001. Sjá má að flest viðfangsefni snúa að fingrafararannsóknnum en stofan sinnir einnig aðstoð á ýmiss konar rannsóknnum eins og skjala-, bruna- og samanburðarrannsóknnum.

Tafla 6. Viðfangsefni tæknirannsóknastofu árið 2001

Skýring	Afgreidd mál
Aðstoð vegna brunarannsókna	5
Aðstoð vegna fingrafararannsókna	231
Aðstoð við rannsókn á kynferðismálum eða öðrum árásarmálum	4
Aðstoð við rannsókn á manndrápum	3
Aðstoð við leit í myndasafni, sakbendingu, myndbendingu	7
Aðstoð vegna samanburðarrannsókna	25
Aðstoð við rannsókn á skjölum	33
Ýmislegt annað	49
<b>Samtals</b>	<b>357</b>

Á vefslóðinni [intra/rls/tæknirannsóknastofa](#) er að finna eyðublöð handa lögreglu-mönnum fyrir beiðnir um tæknirannsókn. Eyðublöðin eru í WORD-sniði og er unnt að fylla út í þau í tölvu.

### Ráðstefna um tæknilegar forvarnir

Í september 2001 var fulltrúum frá Íslandi boðið að taka þátt í alþjóðlegri ráðstefnu í Þýskalandi um tæknilegar forvarnir, sem styrkt var af Evrópuráðinu. Ráðstefnan var í samstarfi þýskra og breskra yfirvalda. Þar voru ýmsar nýjungar í tæknilegum forvörnum ræddar. Má þar nefna upprunagreiningu vöru, rafrænar undirskriftir, greiðslumiðla, eftirlitsmyndavélar, rafeindamerkingarkerfi, tækni til að finna stolin ökutæki, peningaflutninga o.fl. Einnig var fjallað um líffræðilega tölfræði (biometrics) sem verður sífellt mikilvægari fyrir lögreglu í kjölfar tæknivæddari viðskiptahátta og aukinnar notkunar á tölvum og tölvukerfum.



### Fingrafararannsóknir

Með tilkomu tölvutækninnar hafa orðið miklar framfarir í fingrafararannsóknum. Hér á landi varð mikil framþróun á árinu, þegar forrit sem heldur utan um fingraför var tekið í notkun. Forritið geymir fingrafaraskrá lögreglu. Möguleikar forritsins til samanburðar eru margvíslegir. Að auki býður forritið upp á lófafarakerfi og gagnagrunnurinn gefur möguleika á samskiptum við önnur fingrafarakerfi.

## Eurodac

Á árinu var unnið að því að fullgilda samning milli ESB og Noregs og Íslands um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi. Samningurinn tengir Ísland og Noreg við framkvæmd svonefnds Dyflinarsamnings sem fjallar um það hvaða ríki beri ábyrgð á hælisleitinni. Samningurinn tengir einnig Ísland og Noreg við framkvæmd svokallaðrar Eurodac-reglugerðar, sem samþykkt var af ráðherraráði ESB 11. desember 2000.

Með Eurodac-kerfinu verður komið á fót miðlægu gagnasafni allra aðildarríkjanna með upplýsingum um fingraför í þeim tilgangi að bera saman fingrafaraupplýsingar um hælisleitendur. Í kerfinu er miðlæg eining og tölvutækt miðlægt gagnasafn þar sem upplýsingar eru unnar í þeim tilgangi að bera saman fingrafaraupplýsingar um hælisleitendur og þá hópa útlendinga sem um getur í ákveðnum greinum reglugerðarinnar. Á árinu var unnið að margs konar skipulagsvinnu, gengið frá stofnun miðlægu einingarinnar og unnið að undirbúningi vegna sendinga gagna milli aðildarríkjanna.

## Norrænn fundur fingrafarasérfræðinga

Á árinu var haldinn hér á landi árlegur fundur norrænna fingrafarasérfræðinga. Þar var meðal annars farið yfir skipulag tæknirannsókna og sérstaklega fingrafararannsókna. Rætt var um ýmsar rannsóknaraðferðir, nýjungar við framköllun fingrafara og samstarf Norðurlanda við rannsókn brota.



## Skjalarannsóknir

Notaðar eru mismunandi aðferðir við skjalarannsóknir og hefur tæknirannsóknastofa ríkislögreglustjórans á að skipa sérfræðingum sem sinnt geta ákveðnum flokkum þeirra. Sumar rannsóknir eru þess eðlis, að ekki er til nægileg þekking eða tæknibúnaður hér á landi. Má þar nefna mál frá síðasta ári varðandi fölsun íslenskra peningaseðla. Var þá leitað til rannsóknarlögreglunnar í Noregi, Kripos, sem veitti aðstoð við rannsókn á seðlunum sem voru litljósritaðir í talsverðum gæðum.

Sú breyting varð á miðju síðasta ári, að starfsmaður sem vann við skjalarannsóknir, aðallega undirskriftarannsóknir, lét af störfum hjá embættinu. Að vel athuguðu máli var af ýmsum ástæðum ákveðið að fara ekki út í að þjálfva sérstaklega starfsmann í undirskriftarannsókn skjala. Þar kom m.a. til að slík þjálfun er mjög kostnaðarsöm og beiðnum um skjalarannsóknir til ríkislögreglustjórans hefur fækkað mjög á undanförunum árum.

Til þess að annast undirskriftarannsóknir fyrir lögregluna var samið við Statens kriminaltekniska laboratorium, SKL í Linköping í Svíþjóð, sem annast hvers konar tæknirannsóknir fyrir lögregluyfirvöld þar í landi. Á þessi samskipti er nú komið fastmótað fyrirkomulag, sem tryggir góða tæknivinnu og viðunandi rannsóknartíma.

SKL hefur á að skipa hópi sérfræðinga á sviði skjalarannsóknna og annarra vísindalegra rannsókna brotamála. Það er mikill fengur í því að geta leitað þangað eftir aðstoð og úrlausnum þegar rannsaka á skjöl sem þykja fölsuð.

## EDISON

Á árinu var sett upp svonefnt EDISON-upplýsingakerfi m.a. hjá tæknirannsóknastofu. Upplýsingakerfið geymir upplýsingar um öryggisþætti vegabréfa og annarra slíkra pappíra. Má með kerfinu sjá á einfaldan hátt hvaða öryggisþætti þjóðir nota í vegabréfum. Nýtist kerfið mjög vel við rannsókn á ætluðum fölsunum. Þessi búnaður er einnig notaður hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og í Reykjavík.

## ID-nefnd (rannsóknarnefnd sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn)

ID-nefndinni bárust tvö mál á árinu. Í öðru var um að ræða tvo flugmenn sem fórust er flugvél þeirra hrapaði skammt vestan af Vestmannaeyjum. Í hinu málinu var um að ræða líkamsleifar manns, sem saknað hafði verið um nokkurt skeið. Samkenning tókst í öllum tilvikum.

Á árlegum fundi ID-nefnda á Norðurlöndum kynnti danska nefndin hugmynd um sameiginlega heimasíðu á Internetinu um ID-málefni. Tæknilega er hægt að hafa heimasíðuna eða hluta hennar læsta en það krefst ákveðinnar stýringar aðgangsorða o.fl. Heimasíðan á hins vegar fyrst og fremst að vera fyrir almenning, bæði með almennum upplýsingum og leiðbeiningum.

Sú skylda hvílir á lögreglustjórum að tilkynna ríkislögreglustjóranum og senda honum upplýsingar um alla menn sem hafa horfið og ekki komið fram, eigi síðar en þremur mánuðum eftir hvarfið. Hafi maður horfið við þær aðstæður, að vitað er eða talið mjög líklegt að hann hafi farist skal senda ríkislögreglustjóranum upplýsingarnar eins fljótt og mögulegt er. Á síðustu árum hefur verið unnið hjá embættinu að athugun og endurskráningu upplýsinga um horfna menn. Um mitt ár 2001 sendi ríkislögreglustjórinn bréf til allra lögreglustjóra á landinu, þar sem óskað var eftir upplýsingum úr umdæmi þeirra um horfna menn á árabílinu 1992-2001, sem ekki hefðu komið fram. Tilgangurinn með þessari fyrirspurn var að tryggja það að allar þessar upplýsingar væru fyrirbyggjandi í gagnasafni ID-nefndarinnar.



## Svið 5

Starf efnahagsbrotadeildarinnar var mjög annasamt á árinu 2001 og fjölgaði viðfangsefnum frá fyrri árum. Jafnframt hafa viðfangsefni orðið viðameiri og krefst því hvert mál meiri tíma og sérþekkingar nú en áður. Þetta helst auðvitað í hendur við þá öru þróun sem orðið hefur á sviði tækni sem aftur leiðir til þróunar á ýmsum öðrum sviðum svo sem fjármála og viðskipta. Þessari brýnu þörf fyrir aukna menntun sem mætti frekar kalla möguleika á þekkingarleit samhliða starfi hefur verið vel mætt af hálfu ríkislögreglustjóraembættisins og hefur verulegum fjármunum verið til þess varið. Þá leiðir náíð samstarf og samvinna við ýmsar aðrar stofnanir og embætti til þess að sérþekking á ýmsum sviðum verður til í kerfinu. Þetta er afar þýðingarmikið ekki aðeins fyrir efnahagsbrotadeildina heldur einnig fyrir þær stofnanir sem eiga í samstarfi við deildina svo sem embætti skattrannsóknarstjóra og fjármálaeftirlit svo einhver dæmi séu nefnd. Auk þess leiðir þetta af sér að málsmeðferð á öllum sviðum verður markvissari og hraðari.

Skýring þess að sífellt koma til kasta efnahagsbrotadeildarinnar stærri og flóknari mál er, auk framangreinds, sú að deildin hefur tekið fyrir mál sem eru á nýjum sviðum í réttarkerfinu. Árangur í rannsóknum og ákærumeðferð leiðir síðan af sér að þeir sem hagsmuna eiga að gæta sjá að lögregla, ákærvald og dómstólar leysa úr málunum og eru því ötulli við að kæra.

## Tölvubrot og rannsóknir

### Menntun og þekking

Á síðustu tveimur árum hefur efnahagsbrotadeild unnið að því að koma á fót aðstöðu og þekkingu á rannsóknum tölvubrota hjá deildinni og lögreglunni í landinu. Þetta starf hófst á árinu 2000 er efnahagsbrotadeild stóð fyrir námskeiði í samvinnu við Økokrim í Noregi og norska lögregluskólann. Árið 2001 gekkst deildin fyrir öðru námskeiði sem stóð í tvær vikur í samstarfi við sömu aðila. Fyrri námskeiðið sóttu 19 lögreglumenn og einn löglærður fulltrúi ríkislögreglustjórans en það seinna sóttu 11 lögreglumenn og einn löglærður fulltrúi ríkislögreglustjórans. Lögreglumennirnir sem sóttu námskeiðið voru bæði starfsmenn efnahagsbrotadeildar og lögregluembættanna á suðvesturhorninu, einkum lögreglunnar í Reykjavík. Einnig stunduðu tveir starfsmenn efnahagsbrotadeildar, lögreglufulltrúi og löglærður fulltrúi, starfsnám hjá Økokrim í Osló.

Allt framangreint starf að menntunarmálum á þessu sviði er frumkvöðlastarf og miðar að því að byggja upp þekkingu og getu til að bregðast við stöðugt meiri notkun tölva við brotastarfsemi. Mjög mikilvægt er því að lögreglu sé tryggð þekking og einnig búnaður til að afla sönnunargagna úr tölvum.

### Helstu brot sem tengjast tölvum

Hvers konar brot sem framin eru með tölvum eða sem tengjast þeim, hvort sem um er að ræða vélbúnað, hugbúnað eða tölvugögn, teljast vera tölvubrot. Brot þessi eiga það sameiginlegt að nýttir eru sérstakir eiginleikar tölva til að fremja brot. Þessir sömu eiginleikar tölvunnar kalla á sérþekkingu við rannsóknir og saksóknir tölvubrota. Sem dæmi um brot sem framin eru gegn tölvum eru tölvuinnbrot, ólöglegar hleranir tölvusamskipta, eyðing gagna eða forrita eða ólögleg afskipti tölvusamskipta. Brot sem framin eru með því að nota tölvu eru til að mynda skjalafals og peningafals, skattalagabrot, tollalagabrot og stuldur á gögnum. Þá eru tölvur einnig notaðar til að afla og geyma ólöglegt efni svo sem barnaklám, tölvuforrit, tónlist, kvikmyndir og ljósmyndir.

### Tækjabúnaður og aðstaða til tölvurannsókna

Á árinu tók efnahagsbrotadeild í notkun aðstöðu til tölvurannsókna. Var keyptur til landsins búnaður sem er með því besta sem gerist á þessu sviði, en aðstöðu og búnaðarleysi hafði lengi staðið tölvurannsóknum fyrir þrifum.

Með nýja búnaðinum er mögulegt að ná fram ýmsum upplýsingum varðandi tölvubúnaðinn sjálfan og þau gögn sem eru í tölvunni. Einnig er mögulegt að kalla fram gögn sem eytt hefur verið. Eykur þetta mjög möguleika lögreglunnar til að nálgast upplýsingar sem nýst geta við rannsókn mála.

Einnig er til búnaður til að sækja gögn af öðrum rafmiðlum svo sem gsm-símum, lófatölvum og öðrum vistunarmiðlum. Hefur búnaðinum verið komið fyrir í sérstöku herbergi og er þar kominn vísir að tölvurannsóknarstofu hjá embættinu. Á árinu voru rannsókuð á annan tug mála er snúa að tölvubrotum og er gert ráð fyrir að þeim muni fjölga í náinni framtíð.

### Peningaþvætti

Á árinu 2001 voru flutt fyrir dómstólunum sjö mál sem efnahagsbrotadeildin höfðaði á hendur 13 konum og körlum fyrir peningaþvætti, þ.e. brot á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sem tengdist innflutningi og dreifingu fíkniefna. Rannsókn málanna hófst hjá efnahagsbrotadeild í kjölfar rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á einu stærsta fíkniefnamáli sem upp hafði komið hérlandis. Mál-in leiddu til sakfellingar yfir öllum nema tveimur af þeim sem ákærðir voru.

Hlutur hvers og eins var mismunandi. Í sumum tilvikum var um að ræða að ættingjar fíkniefnasala, geymdu, földu eða fluttu ágóða fíkniefnasölnunnar á milli fólks. Aðrir liðsinntu við skipulagningu innflutnings og dreifingu fíkniefna með því að taka við peningum sem voru afrakstur fíkniefnasölu, geyma þá og afhenda áfram til þeirra sem einvörðungu höfðu það hlutverk að skipta afrakstrinum úr íslenskri mynt í erlenda. Enn aðrir tóku sér það hlutverk að flytja peningana til útlanda þar sem frekari fíkniefnakaup fóru fram. Þá voru nokkrir ákærðir fyrir að aðstoða eða taka þátt í við-





skiptum með það að markmiði að koma hagnaði af fíkniefnaviðskiptum í annað eignarform svo sem með kaupum á lausafé, hlutum í félögum sem stóðu fyrir atvinnurekstri o.s.frv.

Dómarnir sem kveðnir voru upp í málunum voru um fangelsisrefsingar og sektir en auk þess upptöku á tugum milljóna króna í peningum og eignum sem efnahagsbrota-deildin hafði lagt hald á við rannsókn málsins. Þeir sem taldir voru hafa átt hvað stærstan hlut í peningaþvættinu hlutu óskilorðsbundna fangelsisdóma í 14, 15, 18 og 20 mánuði. Dómar héraðsdóms, sem áfrýjað var til Hæstaréttar, voru í öllum grundvallaratriðum staðfestir, þó með refsipýngingu í sumum tilvikum.

Ofangreindir dómar voru þeir fyrstu sem gengið hafa vegna peningaþvættis. Fela þeir í sér mjög skýr og afdráttarlaus fordæmi hvað varðar skilgreiningu á peningaþvætti og upptöku á fjármunum því tengdu.

Niðurstaða þessara mála sýnir hversu mikilvægt það er til að fyrirbyggja brotastarfsemi að unnt sé að gera upptækan hagnað af afbrotum. Er það verulegur þáttur í baráttunni gegn þeirri ógn sem af skipulagðri glæpastarfsemi stafar og teygt getur anga sína landa á milli.

### Upplýsingaöflun og áhættugreining

Atburðir þeir sem urðu þann 11. september 2001, þegar hryðjuverkamenn beindu farþegaþotum að byggingum í New York og Washington með hrikalegum afleiðingum, breyttu heiminum með afdrifaríkum hætti. Fyrstu afleiðingar voru gríðarlegt mannfall og eignatjón. Viðbrögðin urðu síðar m.a. leit Bandaríkjamanna og Breta að þeim sem taldir eru bera ábyrgð á verknaðinum. Það er alveg ljóst að þessir atburðir munu hafa



í för með sér breytingar til framtíðar með ófyrirséðum afleiðingum.

Atburðirnir fólu í sér ógn sem þjóðir heims voru ekki viðbúnar að verjast. Rannsókn á atburðunum beindi sjónum að hryðjuverkasamtökum og starfsemi þeirra. Í ljós hefur komið að fjárhagsleg umsvif hryðjuverkasamtaka eru gríðarleg.

Íslensk lögregluþyriföld fóru ekki varhluta af leit alþjóðasamfélagsins að hryðjuverkamönnum og samstarfs-

mönnum þeirra. Verkefni sem þetta er eitt af þeim sem embætti ríkislögreglustjóra eru með lögum falin og getur embættið hvort tveggja sinnt verkefninu sjálft og / eða lagt saman starfskrafta fleiri lögregluliða í því skyni. Haustið 2001 voru gerðar skipulagsbreytingar hjá embættinu en þá voru þau málefni, sem varða upplýsingaöflun og áhættugreiningu og varðað geta öryggi ríkisins eða almennings, sett undir svið 5.

Starf íslenskra lögregluþyrifvalda varðandi rannsókn í kjölfar atburðanna 11. september fólst í því að gera athuganir á og meta hvort öryggi íslenska ríkisins og þegna þess hefði með einhverjum hætti verið eða kynni að vera hætta búin. Fór fram sérstök rannsókn á því hvort hryðjuverkasamtök teygðu anga sína hingað og hvort samstarfsmenn þeirra væri hér að finna. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að svo væri ekki.

Þrátt fyrir það er mikilvægt að íslensk stjórnvöld séu vakandi fyrir því að hryðjuverkasamtök fjármagna starfsemi sína með afrakstri skipulagðrar glæpastarfsemi, með framlögum frá fjársterkum einkaaðilum auk þess sem nokkur ríki heims hafa einnig verið bendluð við stuðning við hryðjuverkasamtök. Í baráttu gegn þessum samtökum er því þýðingarmikið að fylgjast með fjármálaumsvifum þeirra og flutningi peninga á þeirra vegum milli ríkja en þær upplýsingar geta oft veitt vísbendingar um fyrirætlanir hópanna og ennfremur hvaða einstaklingar tengjast þeim beint eða óbeint, taka beinan þátt í hryðjuverkum eða styðja hryðjuverkasamtök með öðrum hætti.





# Viðauki 1

## Rekstur embættis ríkislögreglustjóra

Miklar breytingar hafa orðið í rekstri embættis ríkislögreglustjóra frá stofnun þess þann 1. júlí 1997. Viðfangsefnum embættisins hefur fjölgað nokkuð auk þess sem meiri kröfur hafa verið gerðar til þess í kjölfar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Í töflu 7 má sjá rekstrarkostnað embættisins. Þar kemur fram að rekstrarkostnaður hefur aukist verulega á tímabilinu eða úr rúmlega 216 milljónum árið 1998 í tæplega 534 milljónir árið 2001. Við stofnun embættisins var gert ráð fyrir 68,5 milljónum til starfseminnar það hálf árið en fjárveitingar til embættisins námu hins vegar 77,9 milljónum með tilfærslum. Raunkostnaður varð 5,9 m.kr umfram fjárheimildir sem dregið var af fjárveitingu ársins 1998. Það ár var embættinu skipt upp í fimm svið, meðal annars með það í huga að auka hagkvæmni og lækka rekstrarkostnað. Jafnframt gaf ríkislögreglustjórinn út reglur um ábyrgð á rekstri, skiptingu rekstrarfjár, úttektarheimildir og samþykki reikninga. Markmiðið með þeirri reglusetningu er að fela yfirmönnum embættisins meiri ábyrgð í rekstri þess, veita þeim sveigjanleika í stjórnun bæði manna og verkefna, bæta kostnaðarvitund starfsmanna og aðhald í rekstri. Frá því að skipulag sviðsstjóra var komið á fót hefur markvisst verið unnið að því að auka þjónustu við lögregluembættin og innlendar sem erlendar stofnanir. Þá byggir skipulagið á því að hafa rekstur embættisins í lágmarki. Þannig hefur þjónustubáttur embættisins verið aukinn en umsvif eigin rekstrar að sama skapi dreginn saman.

Af einstökum rekstrarliðum hefur launakostnaður aukist einna mest eða um tæplega 119% frá 1998. Þessa hækkun má að mestu skýra með fjölgun starfsfólks, meðal annars vegna tilfærslu fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar, tilkomu umferðardeildar og SIRENE-skrifstofunnar. Einnig sinna starfsmenn alþjóðadeildar nú vöktum auk þess sem laun lögreglumanna hafa hækkað töluvert á tímabilinu.

Þá hefur kostnaður vegna ferða og funda nær fjórfaldast á tímabilinu, vegna aukinna alþjóðlegra samskipta. Eins og sjá má í töflu 7 þá lækkaði kostnaður vegna eignakaupa verulega árið 2001 eftir mikla hækkun árið 2000. Tafla 8 sýnir nánar í hverju þessi lækkun felst. Þar kemur fram að farið var út í mikinn kostnað árið 2000 vegna síma- og fjarskiptabúnaðar og kaupa á húsgögnum í kjölfar húsnæðisbreytinga ríkislögreglustjórans auk tilkomu Tetra-fjarskiptabúnaðarins. Eignakaup embættisins árið 2001 felast að töluverðu leyti í kaupum á tölvu- og tækjabúnaði vegna fíkniefnarannsóknna og tengdra verkefna. Um er að ræða endurnýjun á símhlustunarbúnaði hjá lögreglunni í Reykjavík, kaup á gagnagrunni til samkeyrslu fingrafara og búnaði til að vinna við rannsóknir vegna brota sem framin eru í gegnum Internetið.

**Tafla 7. Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra frá 1997 til 2001**

Gjaldaliðir (allar tölur í þús. kr.)	1997 Sex mán.	1998	1999	2000	2001
Laun	60.431	150.192	216.529	277.332	328.734
Ferðir og fundir	5.359	12.688	30.375	41.974	45.398
Rekstrarvörur	1.987	6.570	10.942	15.943	15.929
Aðkeypt þjónusta	11.590	31.866	55.105	81.159	86.473
Húsnæði	2.902	6.132	24.514	52.364	32.490
Bifreiðar og vélar	670	2.867	354	156	81
Vextir, bætur, skattar	9	104	483	511	590
Eignakaup	1.611	6.050	5.384	59.991	23.416
Tilfærslur	0	0	512	468	678
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>84.559</b>	<b>216.469</b>	<b>344.198</b>	<b>529.898</b>	<b>533.789</b>
<b>Sértekjur samtals</b>	<b>-768</b>	<b>-116</b>	<b>-19.342</b>	<b>-54.051</b>	<b>-18.866</b>
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>83.791</b>	<b>216.353</b>	<b>324.856</b>	<b>475.847</b>	<b>514.923</b>

Við skoðun á rekstrarkostnaði embættisins ber að hafa í huga, að sumir rekstrarliðir falla undir sameiginlegan kostnað fyrir lögregluna í landinu, en þeir kostnaðarliðir eru verulegir. Þar má nefna rekstur sektakerfis lögreglu og miðlægs málaskrárkerfis, kaup á lögreglueinkennum, búnaði og fleiru. Mesta kostnaðaraukningin felst í löggæsluverkefnum sem embættið tók við af lögreglunni í Reykjavík, auk stofnunar umferðardeildar ríkislögreglustjórans og SIRENE-skrifstofunnar vegna Schengen-samstarfsins. Þá kemur einnig til töluverður kostnaður vegna brottvísana og fangaflutninga erlendis.

Að auki ber að geta þess að mikil endurnýjun hefur orðið á bifreiðaflota lögreglunnar og má nefna í því sambandi að keypt hafa verið ökutæki á síðustu þremur árum fyrir um 210 m.kr. Einnig hafa fjárveitingar til tækjakaupa verið fluttar úr dómsmálaráðuneytinu til embættisins, og í kjölfarið hafa eignakaup og rekstrarkostnaður aukist nokkuð. Má þar nefna kaup á lögreglueinkennum, endurskinsvestum, tækjabeltum auk fjarskiptabúnaðar vegna Tetra-kerfisins.

Einnig fluttust tilteknir þætti til ríkislögreglustjórans frá rannsóknarlögreglu ríkisins er hún var lögð niður, svo sem skrifstofuhald, skatta- og efnahagsbrot, tæknirannsóknir að hluta, rannsóknaraðstoð, Interpolskrifstofan, starfsmenn í mötuneyti, vaktmenn og rannsóknarnefnd til að bera kennsl á látna menn.

**Tafla 8. Sundurliðaður kostnaður vegna eignakaupa frá 1997 til 2001**

Sundurliðun helstu liða (allar tölur í þús. kr.)	1997	1998	1999	2000	2001
	Sex mán.				
Húsgögn	0	2.005	386	15.603	2.439
Tölvubúnaður	1.157	2.530	1.746	3.675	7.626
Sjónvörp	0	135	0	55	170
Síma- og fjarskiptabúnaður	435	606	1.613	21.588	7.660
Skrifstofuvélar	0	0	0	650	0
Eldhús- og ræstingaráhöld	0	0	0	131	0
Önnur áhöld og tæki	19	774	1.639	18.289	5.521
<b>Eignakaup samtals</b>	<b>1.611</b>	<b>6.050</b>	<b>5.384</b>	<b>59.991</b>	<b>23.416</b>



Tafla 9. Rekstrarkostnaður frá 1997 til 2001

Gjaldaliðir (allar tölur í þús. kr.)	Árið 1997 Sex mán.	Árið 1998	Árið 1999	Árið 2000	Árið 2001
Dagvinna	30.916	69.821	94.138	112.448	149.939
Vaktaálag	4.895	12.620	16.871	20.533	29.897
Aukagreiðslur	2.794	3.793	4.330	5.278	5.833
Yfirvinna	15.416	40.271	67.194	96.175	90.274
Launatengd gjöld	6.410	23.687	33.996	42.898	52.791
<b>Laun samtals</b>	<b>60.431</b>	<b>150.192</b>	<b>216.529</b>	<b>277.332</b>	<b>328.734</b>
Ferða- og dvalarkostn. innanl.	479	2.678	10.907	13.264	19.994
Ferða- og dvalarkostn. erlendis	4.111	7.913	14.485	19.097	20.552
Fundir, námskeið og risna	286	1.194	3.633	7.598	2.320
Akstur	483	903	1.350	2.015	2.532
<b>Ferðir og fundir samtals</b>	<b>5.359</b>	<b>12.688</b>	<b>30.375</b>	<b>41.974</b>	<b>45.398</b>
Tímarit, blöð og bækur	281	722	1.225	1.179	567
Skrifstofuvörur og áhöld	1.094	2.381	4.016	3.295	4.175
Aðrar vörur	612	3.467	5.701	11.469	11.187
<b>Rekstrarvörur samtals</b>	<b>1.987</b>	<b>6.570</b>	<b>10.942</b>	<b>15.943</b>	<b>15.929</b>
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	360	894	8.975	15.058	11.429
Önnur sérfræðipjónusta	8.518	11.616	11.926	19.707	21.176
Sími og ýmis leigugjöld	1.652	5.188	12.506	22.392	26.497
Prentun, póstur, augl., flutn.	1.060	14.168	21.698	24.002	27.371
<b>Aðkeypt þjónusta samtals</b>	<b>11.590</b>	<b>31.866</b>	<b>55.105</b>	<b>81.159</b>	<b>86.473</b>
Húsaleiga og ræsting	1.227	2.257	20.669	43.913	29.764
Rafmagn og heitt vatn	836	1.341	1.646	937	2.368
Verkkaup og byggingarvörur	643	1.177	883	7.087	361
Fasteignagjöld og tryggingar	196	1.357	1.316	427	-3
<b>Húsnæði samtals</b>	<b>2.902</b>	<b>6.132</b>	<b>24.514</b>	<b>52.364</b>	<b>32.490</b>
Verkstæði og varahlutir	275	1.240	38	33	28
Brennsluefni og olíur	351	1.147	316	123	53
Tryggingar og skattar	44	480	0	0	0
<b>Bifreiðar og vélar samtals</b>	<b>670</b>	<b>2.867</b>	<b>354</b>	<b>156</b>	<b>81</b>
<b>Vextir, bætur, skattar samtals</b>	<b>9</b>	<b>104</b>	<b>483</b>	<b>511</b>	<b>590</b>
<b>Eignakaup samtals</b>	<b>1.611</b>	<b>6.050</b>	<b>5.384</b>	<b>59.991</b>	<b>23.416</b>
<b>Tilfærslur samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>512</b>	<b>468</b>	<b>678</b>
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>84.559</b>	<b>216.469</b>	<b>344.198</b>	<b>529.898</b>	<b>533.789</b>
<b>Sértekjur samtals</b>	<b>-768</b>	<b>-116</b>	<b>-19.342</b>	<b>-54.051</b>	<b>-18.866</b>
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>83.791</b>	<b>216.353</b>	<b>324.856</b>	<b>475.847</b>	<b>514.923</b>



# Viðauki 2

## Starfsmannamál

### Ríkislögreglustjórinn

Í september 1996 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til undirbúnings gildistöku lögreglulaga nr. 90/1996 og laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Í október 1996 var í nefndinni lögð fram áætlun um starfsmannafjölda við embætti ríkislögreglustjóra sem gerði ráð fyrir 31 starfsmanni, þar af 16 lögreglumönnum. Áætlanir í mars 1997 gerðu ráð fyrir 19 lögreglumönnum, fjórum lögfræðingum, þremur skrifstofumönnum og endurskoðanda í hlutastarfi, auk vaktmanna og starfsfólks í mötuneyti, samtals 32 starfsmönnum. Fjöldi stöðugilda byggðist ekki á endanlegri starfsmannaþörf hjá ríkislögreglustjóranum, heldur var að mestu byggt á stöðufjölda hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, auk þess sem tekið var tillit til einnar stöðu yfirlögregluþjóns í dómsmálaráðuneytinu, sem skipt var á milli ríkislögreglustjórans, lögreglustjóranna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, þegar rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður 1. júlí 1997. Þannig var í upphafi gengið út frá 31-32 stöðugildum við stofnun embættisins.

Í drögum að skipuriti ríkislögreglustjórans í mars 1997 má sjá að sumir þættir voru vanáætlaðir, t.d. tölvumálin, búnaðar- og fatamál, starfsmannamál, tölfræði o.fl. Við stofnun embættisins var fjölgað um tvo lögreglumenn frá því sem áætlun gerði ráð fyrir samkvæmt því skipuriti, þ.e. um aðstoðaryfirlöggluþjón og lögreglufulltrúa, en fækkað var vaktmönnum. Heildarfjöldi starfsmanna 1. júlí 1997 var því 32 starfsmenn, þar af 21 lögreglumaður samanborið við 44 stöðugildi lögreglumanna hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Við það bættust síðan starfsmenn útlendingaeftirlitsins.

Í dag má segja að 34 starfsmenn sinni þeim viðfangsefnum sem 32 gerðu í upphafi. Lögreglumenn við þessi grunnviðfangsefni eru nú 24 og hefur þeim þannig fjölgað um þrjú frá upphafi. Aðrir lögreglumenn sinna nýjum viðfangsefnum embættisins.

Aukin starfsemi embættisins stafar fyrst og fremst af viðfangsefnum sem færð hafa verið til ríkislögreglustjórans og varða einkum miðlæga styrkingu og þjónustu við öll lögregluliðin í landinu. Á sama tíma hafa þættir sem snúa að embættinu sjálfu dregist saman. Þar má nefna að störf vaktmanna hafa verið lögð niður og sama er að segja um mötuneyti.

Yfirstjórn er í höndum sex manna: Það eru ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri og sviðsstjórar. Skrifstofuhald, bókhald og gjaldkerastörf eru í höndum skrifstofustjóra. Þá eru þrír skrifstofumenn, sem m.a. sinna móttöku, símsvörun, málaskráningu, frágangi sektarseðla fyrir öll lögregluembætti landsins og aðstoða við ljósritunarvinnu. Annað starfsfólk er ekki, svo sem ritarar, sendlar né húsvörður svo dæmi séu tekin. Umbúnaður embættisins er þannig í algjöru lágmarki.

Um 35% starfsmanna embættisins sinna sérstökum löggæsluverkefnum. Hér er átt við fjarskiptamiðstöð fyrir lögregluna í landinu, bílamiðstöð, sérsveit og umferðardeild en þessi starfsemi heyrir undir ríkislögreglustjóranum af hagkvæmnisástæðum og vegna þess að um er að ræða viðfangsefni á landsvísu.

Tæknirannsóknarstofa vinnur að viðfangsefnum fyrir lögregluna í landinu. Þá er lögregluliðunum veitt almenn rannsóknaraðstoð og ríkissaksóknara veitt aðstoð við rannsókn kærumála á hendur lögreglumönnum. Einnig er seta í nefndum og vinnuhópum um afbrot og í samráðshópi um málefni Neyðarmóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss talsverður þáttur í starfseminni. Sex starfsmenn embættisins sinna þessu starfssviði. Þá sinna níu menn, um 13% starfsmanna, rannsóknum skatta- og efnahagsbrota. Til viðbótar eru tvær stöður vegna rannsóknaraðstoðar og staða saksóknara, en viðfangsefni þeirra eru tekin með undir öðrum liðum hér að framan. Ennfremur eru viðfangsefni tengd öryggismálum ríkisins og barátta gegn skipulagðri brota- og glæpastarfsemi viðbót við önnur viðfangsefni.

18% starfsmanna heyra undir alþjóðadeild en þar eru samtals 11 stöður vegna SIRENE-skrifstofunnar og vegna eftirlits lögreglustjóra með útlendingum, sem yfirvöld ákváðu að fela embættinu.


Þá sinna fimm menn forvarnastarfi, fikniefnamálefnum, innra eftirliti, tölfraði, rannsóknum er snúa að þróun afbrota o.fl., tveir menn sjá um leyfisveitingar og alþjóðleg lögreglustörf og tveir menn sjá um tölvumál embættisins og landskerfi lögreglunnar.

Tafla 10 sýnir stöðuheimildir embættisins frá 1997. Þar kemur fram nokkur fjölgun starfsmanna á árunum 1999-2000 er viðfangsefni á landsvísu og stöðuheimildir voru færðar til embættisins frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Hér er um að ræða sérsveitina, fjarskiptamiðstöðina og bílamiðstöðina. Þá var stofnuð umferðardeild ríkislögreglustjórans sem þjónar öllum lögregluumdæmum landsins og SIRENE-skrifstofa í tengslum við Schengen-samstarfið. Markmið breytinganna er að auka þjónustuna við lögregluembættin og gera rekstur lögreglunnar hagkvæmari. Starfsemi embættisins er að meginhluta til viðfangsefni, sem með einum eða öðrum hætti varðar aðstoð og þjónustu við lögregluliðin í landinu og uppbyggingu löggæslunnar að öðru leyti.

**Tafla 10. Fjöldi stöðuheimilda eftir starfsvettvangi frá 1997 til 2001**

	1997*	1998*	1999*	2000	2001
Yfirstjórn	6	7	7	6	6
Lögfræðingar	2	2	2	2	2
Aðstoðaryfirlögregluþjónar	7	8	9	10	10
Lögreglufulltrúar	7	11	19	21	22
Aðalvarðstjórar	0	0	2	8	8
Rannsóknarlögreglumenn	7	6	0	0	0
Varðstjórar/aðstoðarvarðstjórar/sumarafleys.	0	0	1	15	14
Skrifstofumenn/sérfræðingar	6	6	7	10	10
Mötuneyti	2	2	2	0	0
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>42</b>	<b>49</b>	<b>72</b>	<b>72</b>

\*Starfsmenn útlendingaeftirlits eru taldir með frá 1997 til 1999



**Mynd 2. Fjöldi starfsmanna hjá ríkislögreglustjóranum frá 1997 til 2001 eftir því hvort um er að ræða viðfangsefni sem heyrðu undir embættið við stofnun þess eða ný viðfangsefni. Starfsmenn útlendingaeftirlits eru ekki teknir með inn í yfirlitið.**

Af þessu má sjá að fjölgun stöðuheimilda hjá ríkislögreglustjóranum síðustu ár er að meginstofni vegna nýrra viðfangsefna. Þetta má sjá enn betur á mynd 2 þar sem fram kemur að mjög lítil fjölgun hefur verið á mannskap í þeim þáttum sem sérstaklega var horft til við stofnun embættisins. Þar sem talað er um „grunn“ á myndinni er átt við viðfangsefni ríkislögreglustjórans eins og þau voru í upphafi, en til nýrra viðfangsefna heyra m.a. fjarskiptamiðstöð og sérsveit.





### Lögrelan í landinu

Árið 2000 voru stöðuheimildir fyrir lögreglumenn í landinu öllu og við alþjóðastofnanir 671 en árið 2001 var þeim fjölgað með heimild í fjárlögum í 678, eða um sjö stöður. Þegar skoðuð er þróun í fjölda stöðuheimilda lögreglumanna frá 1985 til 2001 kemur fram að frá 1985 hefur stöðuheimildum fjölgað um tæp 18% eða úr 576 stöðuheimildum árið 1985 í 678 árið 2001.

**Tafla 11. Fjöldi stöðuheimilda 2001 eftir embættum og íbúafjölda árið 2000**

Embætti	Fjöldi íbúa 1. des. 2000.	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á stöðuheimild
Akranes	5.431	11	493,7
Akureyri	20.011	31	645,5
Alþjóðastofnanir		5	
Blönduós	3.453	6	575,5
Bolungarvík	999	2	499,5
Borgarnes	3.840	8	480,0
Búðardalur	790	1	790,0
Eskifjörður	4.830	9	536,7
Hafnarfjörður	29.238	39	749,7
Hólmavík	859	2	429,5
Húsavík	5.423	9	602,6
Hvolsvöllur	3.223	4	805,8
Höfn	2.370	3	790,0
Ísafjörður	4.452	13	342,5
Keflavík	16.500	40	412,5
Keflavíkurflugvöllur		39	
Kópavogur	23.518	26	904,5
Lögregluskóli ríkisins		6	
Ólafsfjörður	1.037	2	518,5
Patreksfjörður	1.834	4	458,5
Reykjavík	122.235	293	417,2
Ríkislögreglustjórinn		55	
Sauðárkrókur	4.411	9	490,1
Selfoss	12.285	27	455,0
Seyðisfjörður	4.730	7	675,7
Siglufjörður	1.560	4	390,0
Snæfellsnes	4.205	9	467,2
Vestmannaeyjar	4.522	11	411,1
Vík	1.093	3	364,3
<b>Alls</b>	<b>282.849</b>	<b>678</b>	

Tafla 12. Fjöldi unninna ársverka lögreglumanna, skipt eftir embættum og mánuðum

Heiti embættis/stofnunar	jan.01	feb.01	mar.01	apr.01	maí.01
Akranes	11,00	11,00	11,00	11,00	12,11
Akureyri	31,33	33,54	31,00	31,03	32,35
Alþjóðastofnanir	5,00	5,30	8,00	8,00	8,26
Blönduós	6,00	6,00	6,00	6,00	9,87
Bolungarvík	3,24	2,00	2,00	2,00	2,00
Borgarnes	7,24	6,00	6,43	7,00	8,56
Búðardalur	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Eskifjörður	8,49	9,98	9,12	9,00	9,79
Fangelsismálastofnun ríkisins	1,00	1,00	1,00	1,00	1,24
Hafnarfjörður	40,84	41,96	42,96	41,96	49,01
Hólavík	2,00	2,00	2,00	2,87	2,00
Húsavík	8,61	9,63	9,00	9,84	8,67
Hvolsvöllur	4,00	4,00	4,00	4,00	4,56
Höfn	3,29	3,88	3,48	3,00	3,15
Ísafjörður	12,00	12,00	12,33	13,00	13,34
Keflavík	35,34	34,00	36,01	36,71	38,14
Keflavíkurflugvöllur	39,81	39,89	40,80	40,75	43,47
Kópavogur	26,04	25,63	26,04	26,62	31,07
Lögregluskóli ríkisins	6,00	6,00	6,00	6,41	6,15
Ólafsfjörður	2,00	2,00	2,00	2,00	2,95
Patreksfjörður	4,12	4,12	4,12	4,12	5,62
Reykjavík	288,54	286,97	276,01	273,75	301,93
Ríkislögreglustjóri	55,62	53,32	52,33	53,00	52,78
Sauðárkrókur	8,91	8,12	8,12	8,12	8,12
Selfoss	27,00	27,00	27,00	27,77	30,80
Seyðisfjörður	7,00	7,00	7,00	7,00	7,00
Siglufjörður	4,66	4,00	4,00	4,00	4,10
Snæfellsnes	9,00	9,00	9,00	9,00	12,09
Umferðarráð	0,00	0,00	0,14	0,00	0,32
Vestmannaeyjar	12,51	12,00	12,00	12,00	12,56
Vík	3,00	3,00	3,00	3,00	3,00
<b>Samtals</b>	<b>674,59</b>	<b>671,34</b>	<b>662,89</b>	<b>664,95</b>	<b>726,01</b>

Heimild: Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins

Í töflu 12 er yfirlit yfir greidd mánaðarlaun til lögreglumanna allra lögregluembættanna árið 2001, skipt eftir mánuðum. Þá kemur einnig fram meðaltal ársverka fyrir allt árið. Með þessu er átt við fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna, sem greitt er fyrir í hverjum mánuði, þar með talið vegna veikinda, lausnarlauna, orlofs,

jún.01	júl.01	ágú.01	sep.01	okt.01	nóv.01	des.01	Ársverk (=meðaltal í 12 mán)
15,20	16,48	14,55	11,13	12,00	12,00	12,00	12,46
40,66	41,12	38,78	30,00	31,00	31,00	30,18	33,50
14,00	6,00	5,95	5,00	6,39	5,30	6,46	6,97
9,24	8,00	8,12	6,12	6,12	6,12	6,12	6,98
2,77	2,55	3,00	3,00	2,26	2,00	2,00	2,40
9,00	9,00	9,56	9,36	10,00	10,00	10,00	8,51
1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
10,79	11,66	12,06	10,00	10,00	9,72	12,08	10,22
0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,44
48,92	53,03	47,88	42,68	41,52	41,08	43,50	44,61
3,00	2,00	2,00	2,00	2,00	2,00	2,00	2,16
9,79	11,48	10,96	10,49	9,00	9,00	9,20	9,64
5,00	5,00	5,00	5,00	4,00	4,00	4,00	4,38
4,52	4,12	4,12	4,12	3,55	3,37	3,00	3,63
16,85	18,14	15,96	12,68	13,00	13,00	13,71	13,83
41,48	42,04	43,68	34,00	33,89	34,00	36,14	37,12
55,15	56,44	50,90	43,78	45,84	47,40	47,21	45,95
31,74	32,22	31,70	26,19	26,46	26,24	26,27	28,02
7,85	6,00	6,26	49,48	49,68	49,68	27,46	18,91
3,00	3,12	3,12	2,00	2,00	2,00	2,00	2,35
4,48	5,12	5,12	3,00	3,33	4,00	4,00	4,26
296,29	302,83	306,64	253,24	253,65	258,86	264,15	280,24
56,35	53,25	54,00	53,21	53,07	53,89	55,91	53,89
10,24	11,36	10,22	8,12	8,12	8,12	8,12	8,81
32,68	35,58	29,68	28,12	28,00	30,82	27,53	29,33
10,09	9,74	9,17	7,00	7,00	7,00	7,00	7,67
6,12	6,12	6,12	5,18	4,00	4,00	4,00	4,69
12,36	12,36	12,04	10,40	10,55	9,00	9,00	10,32
0,00	0,00	0,00	0,23	0,00	0,00	0,00	0,06
16,24	16,24	15,63	13,12	12,00	12,00	11,66	13,16
3,00	3,00	4,00	4,00	4,00	4,00	4,00	3,42
<b>777,81</b>	<b>785,00</b>	<b>767,22</b>	<b>693,65</b>	<b>693,43</b>	<b>700,60</b>	<b>689,70</b>	<b>708,93</b>

Þegar viðkomandi hættir störfum og fleira. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka deilt með 12. Yfirlitið þarf einnig að skoða í ljósi þess, að lögreglumönnum er víða fjölgað yfir sumartímamann, til að koma að einhverju leyti í stað þeirra sem eru í orlofi eða til að mæta auknu álagi. Fjöldi greiddra ársverka er um 30 fleiri en stöðuheimildir, sé meðaltal tekið fyrir allt árið og öll embættin.

Tafla 13. Hlutfall brota og verkefna samkvæmt málaskrá árið 2001 hjá hverju embætti


	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarvík	Borgarnes	Búðardalur	Eskifjörður	Hafnarfjörður	Hólmavík	Húsavík	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður
Brot gegn valdastjórn	0,1	0,1	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,3	0,4
Skjalafals	0,2	0,6	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0	0,2	0,4	0,1	0,0	0,0	0,2
Kynferðisbrot	0,2	0,3	0,1	0,0	0,1	0,0	0,6	0,2	0,0	0,4	0,1	0,0	0,9
Líkamsmeiðingar	1,8	1,0	0,7	2,5	0,2	0,0	1,8	0,9	0,0	0,6	1,3	0,6	2,0
Brot gegn friðh. einkalífs	0,6	0,8	0,2	1,5	0,0	0,0	0,9	0,5	0,0	0,7	0,3	0,6	1,2
Auðgunarbrot	8,1	7,2	0,8	7,6	2,5	5,0	4,6	11,6	0,0	2,2	2,9	6,8	3,3
Eignaspjöll	5,6	3,9	0,7	5,6	0,6	0,8	3,2	4,9	0,4	2,9	1,4	2,4	4,3
Nytjastuldur	0,4	0,1	0,1	0,0	0,1	0,0	0,5	0,3	0,4	0,3	0,1	0,9	0,5
Fikniefnabrot	0,8	1,0	0,6	0,0	0,1	0,8	0,4	1,9	0,0	0,4	0,1	1,8	1,6
Áfengislög	1,2	2,5	0,4	2,0	0,1	0,0	0,9	1,2	0,0	1,8	1,1	3,5	3,5
Akstur gegn r. ljósi (5.gr)	0,6	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Stöðv.sk. ekki virt (5.gr)	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,4	0,6	0,0	0,1	0,0	0,0	0,7
Of hraður akstur													
Hraðamæling (37.gr)	25,7	21,7	72,0	23,4	57,6	31,3	18,4	18,4	72,9	43,7	45,9	18,6	22,2
Ölvun við akstur (45.gr)	2,4	1,6	0,9	2,0	1,8	2,5	2,4	2,5	0,4	2,8	3,2	3,2	2,2
Önnur umf.brot	40,9	44,0	18,4	34,0	29,5	35,4	30,0	39,7	18,8	25,9	32,1	30,4	35,5
Önnur brot	1,3	1,8	0,4	4,6	1,0	2,1	6,1	3,4	2,2	4,8	1,4	4,7	4,7
Verkefni	10,2	12,4	4,5	16,8	6,3	22,1	29,8	12,3	4,7	13,3	10,1	26,3	16,7
Alls	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Í framhaldi af umræðu um starfsmannamál er athyglivert að skoða hvernig verkefni í málaskrá skiptast innan hvers embættis. Þetta má sjá í töflu 13. Þar kemur fram að hjá flestum embættum eru umferðarlagabrot stærsti málaflokkurinn, að meðaltali um 65% innan hvers embættis. Í flestum tilvikum eru hraðakstursbrotin sá málaflokkur sem hefur mest vægi innan embættisins. Einnig má sjá hlutfall hraðakstursbrota milli embætta. Þau eru um 73% skráðra verkefna í málaskrá hjá lögreglustjóranum á Hólmavík og 72% á Blönduósi. Samanburðarhlutfall er hins vegar 4% á Patreksfirði

Keflavík	Keflavíkurlflugvöllur	Kópavogur	Ólafsfjörður	Patreksfjörður	Reykjavík	Ríkislögreglustjórnin	Ríkissaksóknari	Sauðárkrúkur	Selfoss	Seyðisfjörður	Siglufjörður	Snæfellsnes	Vestmannaeyjar	Vík
0,1	0,1	0,2	0,0	0,9	0,2	0,0	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0	0,0	0,2	0,0
0,4	0,7	0,3	0,0	0,0	0,5	6,1	0,0	0,0	0,2	0,0	0,4	0,0	0,7	0,0
0,2	0,2	0,2	0,0	0,0	0,3	1,0	0,0	0,1	0,1	0,5	1,3	0,8	0,2	0,0
1,5	0,2	0,9	0,8	1,4	1,8	0,0	0,0	1,0	1,2	1,8	1,8	1,3	3,9	0,2
0,7	0,1	0,7	1,5	1,7	0,9	2,0	0,0	0,4	0,4	0,3	0,0	0,3	0,8	0,2
6,4	1,6	11,1	7,5	3,4	14,5	26,5	0,0	3,7	6,4	3,7	7,5	2,5	7,6	0,4
3,7	0,4	5,4	3,0	5,1	5,2	1,0	0,0	2,8	3,8	2,4	6,6	2,5	6,7	1,8
0,2	0,1	0,4	0,4	0,6	0,5	0,0	0,0	0,1	0,2	0,3	0,9	0,6	0,1	0,0
0,6	1,2	0,7	0,8	0,3	0,9	1,0	0,0	0,4	0,7	1,0	0,0	1,6	2,3	0,2
1,2	0,2	1,1	1,9	1,4	3,4	0,0	0,0	1,4	0,7	1,4	1,3	1,6	3,1	0,6
0,2	0,0	0,6	0,0	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0
3,5	2,6	0,8	0,0	0,0	2,0	0,0	0,0	0,4	0,1	0,1	0,0	0,0	0,5	0,0
20,4	16,0	23,4	29,4	4,0	17,3	0,0	0,0	30,8	23,2	17,7	20,7	35,2	2,2	63,2
1,6	2,2	1,8	1,1	1,7	2,1	0,0	0,0	1,7	2,3	3,1	2,6	2,4	1,9	0,8
46,8	50,0	41,8	32,1	61,9	31,1	0,0	0,0	43,3	45,2	56,1	38,8	28,9	48,6	20,3
2,0	12,1	2,2	1,1	5,7	2,0	61,2	100,0	2,2	3,4	3,0	3,1	4,2	5,5	1,0
10,6	12,6	8,5	20,4	11,9	12,3	1,0	0,0	11,5	12,0	8,5	15,0	18,0	15,9	11,2
100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

og 2,2% í Vestmannaeyjum. Athuga ber að brot og verkefni samkvæmt málaskrá ná ekki til allra verkefna lögreglu heldur fyrst og fremst þeirra sem sætt geta rannsókn að hætti opinberra mála.





Hvert lögregluembætti hefur einkennisnúmer, frá 010 til 037.

Númer embættis ræðst af legu þess, en talið er réttisælis frá Reykjavík.

Númer lögregluembættanna raðast á eftirfarandi hátt:

010 Lögreglustjórinn í Reykjavík	024 Lögreglustjórinn á Akureyri
012 Lögreglustjórinn á Akranesi	025 Lögreglustjórinn á Húsavík
013 Lögreglustjórinn í Borgarnesi	026 Lögreglustjórinn á Seyðisfirði
014 Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi	028 Lögreglustjórinn á Eskifirði
015 Lögreglustjórinn í Búðardal	029 Lögreglustjórinn á Höfn
016 Lögreglustjórinn á Patreksfirði	030 Lögreglustjórinn í Vík
017 Lögreglustjórinn í Bolungarvík	031 Lögreglustjórinn á Hvolsvelli
018 Lögreglustjórinn á Ísafirði	032 Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum
019 Lögreglustjórinn á Hólmavík	033 Lögreglustjórinn á Selfossi
020 Lögreglustjórinn á Blönduósi	034 Lögreglustjórinn í Keflavík
021 Lögreglustjórinn á Sauðárkróki	035 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
022 Lögreglustjórinn á Siglufirði	036 Lögreglustjórinn í Hafnarfirði
023 Lögreglustjórinn á Ólafsfirði	037 Lögreglustjórinn í Kópavogi



# Viðauki 3

## Tölur

**Tafla 14. Útgefin leyfi og heimildir til leyfisveitinga á grundvelli vopnalaga árið 2001**

Eðli leyfis:	Fjöldi leyfa:
Starfsleyfi og endurnýjun á leyfum til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri	12
Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni	1
Innflutnings- og skammtímaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga	117
Skammtímaleyfi til að flytja skotvopn á milli landa um Ísland	9
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til eigin nota	63
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopn sem safngripi	2
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til endursölu (einstakar pantanir)	156
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn tímabundið	81
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn varanlega	10
Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga og önnur vopn tímabundið	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna íþróttaskotfimi	20
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna atvinnu	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir vopni vegna skotvopnasafns	17
Heimild til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá	4
Umsókn um innflutning eða að eignast vopn synjað	8
<b>Samtals</b>	<b>518</b>

**Tafla 15. Fjöldi innfluttra skotvopna og skotfæra árið 2001**

Tegund búnaðar	Til endursölu	Til eigin nota	Samtals innflutt
Haglabyssur	1.109	39	1.148
Rifflar	261	29	290
Skammbyssur	11	2	13
Loftbyssur	4	4	8
Litmerkibyssur		26	26
Skotfæri	2.363.911	3.960	2.367.871





